



STÍGAKERFI AKUREYRAR

*Breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030
sbr. 1. mgr. 36. gr skipulagslaga nr. 123/2010*

*Greinargerð
Tillaga 1. desember 2020*



STÍGAKERFI AKUREYRAR

Breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030

Sveitarfélag:

Akureyrarbær

Skipulagsráðgjafi og greinargerð:

Teiknistofa Norðurlands og Landmótun

Skipulagsuppdráttur:

Teiknistofa Norðulands og Landslag

Myndir í greinargerð:

Teiknistofa Norðurlands



Greinargerð þessari fylgir einnig skipulagsuppdráttur dags. _____ 2020 sem er hluti af skipulagsgögnunum.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010 frá _____ til _____ var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann _____

Bæjarstjóri Akureyrar

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____

Auglýsing um gildistöku skipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

EFNISYFIRLIT

1.	Yfirlit	4
1.1.	Skipulagssvæðið	4
1.2.	Skipulagsferill	4
1.3.	Viðfangsefni	5
1.4.	Áhrif á umhverfið	6
1.5.	Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030	8
1.6.	Aðrar áætlanir, lög og skipulag	10
2.	Breytingartillaga	12
2.1.	Breyting á greinargerð	12
2.2.	Breyting á uppdrætti	14
2.1.30	Stígakerfi Akureyrar	18
	Stofnstígar og tengistígar	20
	Útivistarstígar	30
	Reiðstígar	34
	Hrísey	38
	Grímsey	40
	Stígakerfið	42
	Gangandi vegfarendur	48
	Hjólandi vegfarendur	50
	Meringar stíga	56
	Áningarstaðir	58
	Þjónusta og lýsing	60
	Stígar og skipulag	62
3.	Heimildir	64

1. YFIRLIT

Breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 er í samræmi við 1. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Tilefni breytingarinnar er í samræmi við stefnumörkun gildandi Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030 en þar segir að vinna skuli sérstakt heildarskipulag fyrir stígakerfi bæjarins og framkvæmda-áætlun á grundvelli þess. Á fundi skipulagsráðs í febrúar 2018 var jafnframt samþykkt að hefja þá vinnu og birtist það skipulag hér sem breyting á aðalskipulagi Akureyrar á þeim köflum sem fjalla um stígakerfi bæjarfélagsins.

Aðalskipulag er mikilvægasta verkfæri bæjarstjórnar því þar er sett fram stefna um samfélagið, uppbyggingu og þróun til framtíðar. Það skapar því sterkan grunn fyrir uppbyggingu stígakerfisins að það byggji á gildandi stefnum aðalskipulags. Uppbygging á öflugum stígakerfi veltur á því að allar ákvarðanir miði að sömu langtímasjónarmiðum. Starfsmenn Akureyrarbæjar hafa lagt mikla vinnu við skipulag stígakerfisins í

gegnum tíðina þó að það skipulag hafi aldrei tekið formlegt gildi. Sú vinna hefur verið leiðarljós í uppbyggingu stíganna en stefna bæjarins síðustu ár hefur m.a. verið að byggja upp breiða stíga til að rúma umferð hjólandi og gangandi vegfarenda.

Breytingin byggir á núverandi stígakerfi og þeim markmiðum sem bæjarfélagið hefur sett sér í gegnum tíðina, m.a. í umhverfis- og samgöngustefnu, í núgildandi aðalskipulagi og rammahluta um Oddeyri.

1.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið nær yfir allt þéttbýli og nærumhverfi Akureyrar og er afmarkað af þéttbýlismörkum samkvæmt aðalskipulagi. Breytingin gildir auk þess um Hrísey og Grímsey en þar eru ekki gerðar breytingar á skipulagsuppráttum.

1.2 SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing var auglýst 21. nóvember 2018 með athugasemdafresti í tvær vikur. Hún var send umsagnaraðilum,

kynnt með auglýsingum í blöðum, á vef Akureyrarbæjar og aðgengileg í Ráðhúsi. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu vorið 2020 var tillagan ekki kynnt á sérstökum kynningarfundum heldur á heimasíðu og samfélagsmiðlum Akureyrarbæjar þann 29. apríl 2020 þar sem skipulagsgögn voru aðgengileg og gafst íbúum og hagsmunaaðilum tækifæri til 20. maí að koma með ábendingar og fyrirspurnir til skipulagssviðs. Kynningin var í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Nú er uppfærð tillaga auglýst í sex vikur í samræmi við skipulagslög og þá gefst íbúum og hagsmunaaðilum tækifæri til að skila inn athugasemdum. Eftir að auglýsingartíma lýkur og tekin hefur verið afstaða til athugasemda gengur skipulagsnefnd frá breytingu á aðalskipulagi til samþykktar hjá bæjarstjórn. Í framhaldi verður hún send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar en stofnunin auglýsir gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Stefnt er að gildistöku í lok árs 2020.





Mynd A

Leiðir liggja til allra átta. Breytingin setur fram framtíðarsýn um stígakerfi Akureyrarbæjar.

1.3 VIÐFANGSEFNI

Helsta markmið breytingarinnar er að setja fram heildstæða stefnu um uppbyggingu stígakerfis Akureyrarbæjar en hér til hliðar er kjarninn í skipulaginu tekinn saman. Breytingin er sett fram með skilmálum í greinargerð þessari og einnig á skipulagsupprætti.

Stígakerfi Akureyrar

- Stofnstígar*
- Tengistígar*
- Almennir stígar*
- Útivistarstígar*
- Reiðstígar*

Önnur atriði

- Gangandi vegfarendur*
- Hjólreiðar*
- Merkingar stíga og kortagerð*
- Áningarstaðir*
- Lýsing stíga og þjónusta*
- Skipulagsmál*

STÍGAKERFI AKUREYRAR MARKMIÐ OG LEIÐIR

Stuðla skal að bættum samgöngum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur

Umferð gangandi vegfarenda verði ávallt sett í forgang við skipulag Akureyrarbæjar

Byggja skal upp skilvirkt, öruggt og aðlaðandi stígakerfi sem gerir íbúum kleift að sinna vinnu, daglegum erindum og frístundum allan ársins hring.



1.4 ÁHRIF Á UMHVERFIÐ

Aðalskipulagsbreytingin felur ekki í sér heimildir til framkvæmda sem líklegar eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif eða falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Breytingin fellur því ekki undir ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða. Hér er sett fram mat á áhrifum breytingarinnar á byggð og samfélag, samgöngur, umhverfi og tengdar áætlanir í samræmi við 4.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Byggð, samfélag og samgöngur

Með bættri umgjörð stígakerfisins er gangandi og hjólandi vegfarendum gert auðveldara að komast leiðar sinnar og öryggi og vellíðan fólks í umferðinni styrkt til muna.

Aðgengilegar og greiðar leiðir um byggðina, milli hverfa, að skólum, samfélagsþjónustu og vinnustöðum hafa jákvæð áhrif á byggð og byggðarþróun.

Með bættu aðgengi að útivistarsvæðum eru útivistarmöguleikar í nærumhverfinu styrktir. Því er áætlunin líkleg til að hafa jákvæð áhrif á lýðheilsu, byggð og samfélag.

Stofnstígakerfið mun byggjast upp í möskvaneti sem tryggir hagkvæmari leiðir á milli staða innan þéttbýlisins og með tengingum við útivistarstíga. Þannig gefst íbúum betra tækifæri til að velja vistvænni samgöngumáta fyrir styttri og lengri ferðir. Með áherslu á tengingar stíga við aðliggjandi sveitarfélög eru samgöngur milli sveitarfélaga bættar til muna. Stígakerfið í heildinni er því líklegt til að hvetja til vistvænni samgöngumáta og hafa jákvæð áhrif á samgöngur.

Umhverfi

Rými sem myndast á milli stofnstíga og götu getur verið nýtt sem svæði fyrir blágrænar ofanvatnslausnir. Með því móti minnkar álag á fráveitukerfi í mikilli

vætutíð þar sem ofanvatni er veitt á náttúrulegan hátt í jarðveginn. Þessi lausn stuðlar jafnframt að auknu öryggi vegfarenda og vistvænna og heilnæmara umhverfi. Þá hafa ofanvatnslausnir jákvæð áhrif á umhverfið með náttúrulegum ferlum og auknum líffræðilegum fjölbreytileika í byggðu umhverfi.

Með aukinni hlutdeild gangandi og hjólandi vegfarenda dregur úr notkun einkabílsins og neikvæðum umhverfisáhrifum af völdum bifreiðanotkunar svo sem svifryksmengun, umferð og hávaða. Bætt stígakerfi er því talið hafa jákvæð áhrif á loftgæði og hljóðvist.

Útivistarstígar styðja við fjölbreytta útivistarmöguleika og bæta aðgengi að náttúrulegu umhverfi. Stígarnir beina umferð um viðkvæm svæði eftir ákveðnum leiðum og hafa því jákvæð áhrif á náttúruvernd og umhverfi.

Tengdar áætlanir

Í breytingunni eru skilgreindar tengingar við nágrannasveitarfélög í samræmi við aðalskipulagsáætlanir þeirra þ.e. Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024, Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 og Aðalskipulag Eyjafjarðar-sveitar 2018-2030. Jafnframt er áætlunin í samræmi við ákvæði Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024 um að draga úr bílaumferð og að styrkja samgöngukerfi milli sveitarfélaga á skipulagssvæðinu.

Þá er breytingin í samræmi við stefnu-mótun samgönguáætlunar 2020-2034 þar sem lögð er áhersla á aukin lífsgæði í byggðum um land allt með bættum samgöngum. Aðalskipulagsbreytingin hefur því jákvæð áhrif á tengdar áætlanir.

Áður en gefin verða út framkvæmdaleyfi til stígagerðar mun Akureyrarbær óska eftir umsögn frá Minjastofnun eða skráningu fornleifa skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.



1.5 AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030

Í gildandi aðalskipulagi Akureyrar, kafla 1.3.1 til 1.3.5, er fjallað um framtíðarsýn bæjarfélagsins og á grundvelli þeirrar framtíðarsýnar eru sett fram markmið um hvern málaflokk og áherslur til að skýra markmiðin nánar. Loks er kafli um framkvæmd sem sýnir leiðir til að ná hverju markmiði. Eftirfarandi markmið og áherslur fjalla með einum eða öðrum hætti um fyrirkomulag stíga í bæjarfélaginu í núgildandi aðalskipulagi.

Byggð

Vanda skal umhverfi við aðkomuleiðir að miðbænum. Núverandi byggð skal þétta.

Áhersla: Tryggja skal tengsl miðbæjar við umhverfi og náttúru með grænum leiðum sem ganga inn að miðbænum frá nærliggjandi byggð og skapa aðlaðandi leiðir til og frá miðbænum. Stefnt skal að því að sem flestir geti stundað atvinnu og iðju sína innan göngu- eða hjólaþarlægðar. Lögð skal áhersla á þau verðmæti sem felast í því að stór hluti þéttbýlisins er í göngufjarlægð frá miðbænum.

Samgöngur og veitukerfi

Gæði umferðarkerfisins sem þjónustukerfis verði tryggð. Umferðarkerfið skal mæta ströngustu kröfum um öryggi.

Áhersla: Tryggðar verði samfelldar, samþættar og öruggar samgönguleiðir fyrir akandi, gangandi og hjólandi vegfarendur. Áhersla er lögð á að hámarka öryggi og vellíðan fólks í umferðinni og leita skal leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af völdum bifreiða-notkunar.

Samgöngukerfið tryggi hagkvæmar leiðir milli staða og auðveldi skipti milli samgöngumáta til að stuðla að lægri ferðakostnaði og minni mengun. Tryggja skal skólabörnum öruggar gönguleiðir milli heimilis og skóla.

Umhverfi

Stuðlað skal að umhverfi sem hvetur til útiveru á öllum árstíðum. Skapa skal íbúum heilnæmt og ómengað umhverfi.

Áhersla: Styrkja skal aðgengi að upp-landi bæjarins, útivistarsvæðum og


náttúru án þess að gengið sé á gæði landsins og óspilltrar náttúru. Taka skal tillit til loftgæða við skipulags- og framkvæmdaráætlanir og draga skal úr útblæstri mengandi lofttegunda.

Samfellt, vandað og öruggt stígakerfi liggja um bæjarlandið allt, þar á meðal útivistarsvæði og opin svæði, og verði tengt stígakerfum nágrannasveitarfélaga. Stígakerfið gegni bæði hlutverki fyrir samgöngur innanbæjar sem utan og sem almennur útivistar- og íþróttavettvangur til eflingar heilsu bæjarbúa.

Menning og samfélagsþjónusta

Uppbygging skóla í nýjum íbúðarhverfum skal miðast við að gönguleiðir að þeim séu greiðfærar og ekki of langar.

Áhersla: Við skipulag íbúðarhverfa skal hugað að aðgengi og fjarlægð að grunnskóla. Gönguleiðir að þeim skulu verða greiðfærar, öruggar og skipulagðar með þarfir notenda í huga.





Mynd B

Stuðlað skal að umhverfi sem hvetur til útiveru á öllum árstíðum. Skapa skal íbúum heilnæmt og ómengað umhverfi.

Hrísey og Grímsey

Þau markmið sem hafa verið nefnd hér að framan og áherslur eiga einnig við um Hrísey og Grímsey en vegna landfræðilegrar stöðu þeirra er sérkafla með áherslum um stígakerfi eyjanna.

Áhersla: Gönguleiðir verði þéttar og greiðar svo að jafnaði sé auðvelt að komast gangandi eða hjólandi um hverfin og út í náttúruna. Við skipulagningu samgangna innan þéttbýlisins hafi gangandi og hjólandi vegfarendur forgang. Til að auka frekar öryggi gangandi vegfarenda er stefnt að því að allar húsagötur í þéttbýlinu (hellulagðar götur) verði skilgreindar sem vistgötur með 10 km/klst. hámarks hraða. Á svæðum sem eru mikilvæg fyrir útivist og náttúruskoðun skal gera ráð fyrir merkingum og góðu aðgengi eftir því sem aðstæður leyfa.

Rammaskipulag Oddeyrar

Í rammahluta Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030 eru settir skilmálar um stígakerfi á Oddeyri. Hjólastígar skulu vera malbikaðir og að lágmarki 2,4 m á breidd að meðtöldu öryggissvæði. Tvístefnu hjólaumferð verður á stígunum og skal aðgreina hjólareinar með málaðri brotalínu. Einnig skal mála hjólavísa á stígana til að gera grein fyrir umferðarstefnu og aðgreiningu hjólandi og gangandi umferðar.

Gert er ráð fyrir hjólastígum meðfram Glerárgötu, Strandgötu, Hjalteyrgötu og Tryggvabraut. Göngustígur er fyrirhugaður meðfram sunnanverðri Glerá.

1.6 AÐRAR ÁÆTLANIR, LÖG OG SKIPULAG

Umhverfis- og samgöngustefna

Stefnan var samþykkt í bæjarstjórn í desember 2016. Þar eru sett fram markmið og leiðir að aðgerðum. Hér er samantekt um þær leiðir sem fjalla um stígakerfi bæjarins:

Auka skal hlutdeild hjólandi og gangandi vegfarenda allan ársins hring og skapa sátt á milli mismunandi samgöngumáta. Leggja og tengja saman göngu-, hjóla- og útivistarstíga. Þétting byggðar er forsenda betra umferðarflæðis. Tryggja skal hjólreiðar og gönguleiðir við upphaf skipulagsferils. Hjólreiðar verði öruggur og aðgengilegur kostur í samgöngum bæjarfélagsins allt árið um kring. Aðskilja skal gangandi og hjólandi umferð á stofnbrautum. Göngu- og hjólastígar verði tengdir við útivistarsvæði, áningarstaði og nágrannasveitarfélög.

Innviðir fyrir göngu- og hjólreiðar verði orðnir að samfelldu kerfi sem er notendavænt og aðlaðandi árið 2025. Sett verði upp hjólastæði víðsvegar um bæinn. Staðsetning gangbrauta og tengi-

stíga skal miða að því að hafa leiðir sem stýstar og hagkvæmastar fyrir gangandi vegfarendur.

Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í greinargerð Landsskipulagsstefnu segir að skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta. Sveitarfélög marki í skipulagi samþætta stefnu um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almenningssamgöngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur. Skipulagsstofnun vinnur nú að gerð viðauka við Landsskipulagsstefnu sem snýr að loftslagi, landslagi og lýðheilsu.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024

Markmið um byggðaþróun og -mynstur í svæðisskipulagi eru að draga úr þörf fyrir bílaumferð. Markmið skipulagsins

um samgöngu- og þjónustukerfi er að göngu-, hjóla-, og reiðleiðir verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tengingar við nærliggjandi héruð.

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030

Gert er ráð fyrir reiðleið frá Hrafnagili með austurströnd Eyjafjarðarár sem sameinast stofnleiðinni frá Akureyri á Staðarey. Gert er ráð fyrir göngu- og hjólastíg frá sveitarfélagamörkum við Akureyri að Hrafnagilshverfi vestan Eyjafjarðarbrautar vestri og þar áfram til austurs meðfram norðanverðri Miðbraut og þaðan vestan Eyjafjarðarbrautar eystri að Þjóðvegi. Göngu- og hjólastígur verður einnig yfir gömlu Óshólmabryrnar á milli Eyjafjarðarbrautar eystri og vestari.

Mynd C

Gatnaskipulag og hönnun skal miða að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.





Þá segir að umferð gangandi fólks þvert á stofnvegi verði tryggð með undirgöngum eða á annan öruggan hátt. Á skipulagsupprætti eru ekki skilgreindir neindir megin útivistarstígar sem liggja að Kjarnaskógi.

Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020

Gert er ráð fyrir göngu- og hjólaleið um sveitarfélagið endilangt meðfram þjóðvegi nr. 1 en leita skuli samráðs við Vegagerðina um útfærslu leiðarinnar. Ekki er gert ráð fyrir megin reiðleið meðfram þjóðveginum.

Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024

Gönguleið meðfram Krossanesborgum að Gásum er skilgreind í aðalskipulaginu. Gert er ráð fyrir hjólaleið samsíða og sunnan við Hringveginn frá Lónsbakka að Þelamerkurskóla. Á skipulagsupprætti eru sýndar leiðbeinandi staðsetningar göngu- og hjólaleiða. Önnur leiðin tengist Lónsbakka við þjóðveg 1 en hin liggur við Lónið, neðan Ásláksstaða. Skipulagið gerir ráð fyrir reiðleið frá Öxnadalshéið

meðfram hringveginum til Akureyrar. Á skipulagsupprætti er sýnd leiðbeinandi staðsetning meginreiðleiðar við Lónið frá Brávöllum og hins vegar við Lónið, neðan Ásláksstaða. Ekki er gerð grein fyrir öðrum stígum sem liggja að norður-mörkum Akureyrar.

Samgönguáætlun 2020-2034

Samgönguáætlunin byggist á 5 megin-markmiðum um að samgöngur séu öruggar, greiðar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar og að þær stuðli að jákvæðri byggðapróun. Öryggi verði haft til hliðsjónar við allar ákvarðanir, áherslur og aðgerðir í samgöngumálum óháð ferðamáta. Lögð er áhersla á að auka lífsgæði í byggðum um allt land með bættum samgöngum.

Umferðarlög nr. 77/2019

Ný umferðarlög tóku gildi 1. janúar 2020. Í greinargerð laganna segir að markmið þeirra sé meðal annars „að taka í auknum mæli tilliti til breyttra samgönguvenja og fjölbreyttari samgöngumáta, þ.m.t. almenningsamgangna og hjólreiða.“

„Reiðhjólaleign landsmanna hefur margfaldast svo og fjöldi bifhjóla á götum landsins og auk þess hefur gangandi vegfarendum farið fjölgandi. Þetta leiðir til þess að auka beri áherslu á að umhverfissjónarmiða sé gætt við skipulagningu umferðar og tillit tekið til ólíkra samgöngumáta.“

Umferðarlögin eru í anda samstarfs-yfirlýsingar ríkistjórnarinnar frá 2017 þar sem segir í kafla um umhverfi og auðlindir: „Auka þarf möguleika gangandi og hjólandi vegfarenda í þéttbýli.“

Í ýmsum greinum umferðarlaganna koma fram áherslur í umhverfismálum t.d. varðandi takmörkun á hávaða frá ökutækjum, óhreinkun vegar, hraðamörk og mengunar. Umferðarlög miða að því að skapa þannig leikreglur að vegfarendur komist öruggan hátt frá einum stað til annars í umferðinni án tillits til samgöngumáta og lögð sé áhersla á að jafnræðis sé gætt milli þátttakenda í umferðinni.

2. BREYTINGARTILLAGA

Skipulagsbreytingin tekur fyrir fjölmörg viðfangsefni enda ná stígar yfir alla umferð innanbæjar aðra en notkun bifreiða. Í skipulaginu er lögð mikil áhersla á forgang gangandi vegfarenda í umferðinni enda er ganga aðgengilegur og vistvænn samgöngukostur. Settir eru skilmálar um stofnleiðir fyrir hjóleiðar enda er mikilvægt að kerfi hjólastíga sé heildrænt, skilvirkt og öruggt. Áætlunin fjallar einnig um útivistar- og reiðstíga en þeir hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir náttúruupplifun og frístundir.

Hér í köflum 2.1 og 2.2 er gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar eru á þéttbýlisuppdrætti og greinargerð Aðal-skipulags Akureyrar 2018-2030.

2.1 BREYTING Á GREINARGERÐ

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á texta og myndum í greinargerð:

Texti um stíga er felldur út úr kaflanum „2.1.26 Vegir, götur og stígar“ en þess í stað er settur fram nýr kafli um stígakerfi

Akureyrar sem ber heitið „2.1.30 Stígakerfi Akureyrar“. Mynd númer 35 (*Kort yfir helstu stíga og reiðleiðir*) í kafla „3.6.3 Göngu- hjóleiða- og reiðstígar“. á blaðsíðu 136 er felld úr skipulaginu. Í nýjum kafla 2.1.30 er bætt við skýringarmyndum af stofnstígum, útivistarstígum og reiðstígum.

Nánar er gert grein fyrir kafla „2.1.30 Stígakerfi Akureyrar“ á næstu síðum en í kaflanum eru markmið Akureyrarbæjar um skipulag stígakerfisins uppfærð og settar fram leiðir til að ná markmiðum og hönnunarviðmið fyrir ólíkar gerðir og uppbyggingu stíga. Um er að ræða nánari útfærslu á núverandi stígakerfi bæjarins en eftir breytingu á kafli 2.1.30 að geta staðið sjálfstæður sem leiðbeinandi rit um heildarskipulag á stígakerfi Akureyrarbæjar.

Eftirfarandi texti af bls. 87 og 88 er felldur úr skipulaginu en tekinn að hluta til upp óbreyttur í kafla 2.1.30:

Stígar

Haldið verður áfram að byggja upp göngu-, hjóla- og reiðstíganet bæjarins á grunni framkvæmdaáætlunar um þá uppbyggingu. Því er ætlað að tengja hverfin saman sem og að tengjast nágrennasveitarfélögunum. Aðskilja skal gangandi og hjólandi umferð á þessum stígum til að tryggja öryggi sjón- og heyrnarskertra. Aðskilja skal stíga frá bílagötum þar sem það er unnt og nota trjágróður til þess þar sem það hentar.

Af stofnstígum sem ætlað er að vera megin göngu- og hjólaleiðir og tengja saman einstaka bæjarhluta má helst nefna strandstíg, sem tengir strandlengjuna allt frá Oddeyri að flugvelli. Af stofnstígum sem fyrirhugað er að tengi stíganet Akureyrar við nágrennasveitarfélög ber helst að nefna tengingu við Eyjafjarðarsveit með stíg vestan Eyjafjarðarbrautar, við Svalbarðsströnd meðfram Leiruvegi og tengingu við Hörgársveit vestan Austursíðu um





Mynd D

Samkvæmt umhverfis- og samgöngustefnu Akureyrar skal auka hlutdeild hjólandi og gangandi vegfarenda allan ársins hring og skapa sátt á milli mismunandi samgöngumáta.

Sjafnargötu. Útivistarstígar eru stígar sem liggja um náttúruleg svæði utan byggðar og um aðliggjandi heiðar og fjalllendi og henta fyrst og fremst göngufólki. Ekki er gert ráð fyrir að útivistarstígar séu lýstir og þeir teljast ekki til stofnstíga. Huga þarf að samnýtingu jarðstrengjaleiða og stígagerðar. Reiðstígar eru við athafnasvæði hestamannafélagsins og tengjast hesthúsasvæðum og svæðum ofan byggðar til suðurs.

Í Hrísey eru þrír merktir göngustígar og liggja þeir allir frá þéttbýlinu til norðurs og austurs. Um er að ræða hringleiðir en við þessa göngustíga eru upplýsingaskilti með ýmis konar fróðleik um náttúru, jarðfræði og sögu Hríseyjar. Þá eru göngustígar frá Norðurvegi að fuglaskoðunarhúsi við Lambhagatjörn annarsvegar og að flugvellinum hinsvegar. Gert er ráð fyrir stikaðri gönguleið frá núverandi göngustíg við Háeyjarstein og til norðurs eftir háeyjunni. Gönguleiðin mun liggja

að Hríseyjarvita og áfram til norðurs að nyrsta og hæsta hluta eyjarinnar (110 m) sem heitir Bratti og eru skriður þar í sjó fram. Þá er einnig gert ráð fyrir stikaðri gönguleið meðfram austurströnd Hríseyjar, frá Hvatastöðum og til norðurs að Hríseyjarvita.

Þessar stikuðu gönguleiðir mynda því nokkurs konar hringleið um norðurhluta Hríseyjar. Aðeins er gert ráð fyrir að þessar leiðir verði stikaðar en ekki eiginlegir göngustígar og því er ekki gert ráð fyrir að leiðunum verði raskað á nokkurn hátt. Gönguleiðirnar munu liggja um land Ystabæjar sem er á náttúruminjaskrá vegna fjölskrúðugs gróðurs og mikils fuglalífs. Vegna þess skal aðgát höfð þegar farið er um svæðið og taka fyllsta tillits til fuglalífs, sér í lagi á varptíma. Íbúar Grímseyjar telja æskilegt að göngustígar verði við hlið gatna.



2.2 BREYTING Á UPPDRÆTTI

Eftirfarandi breyting er gerð á þéttbýlis-
uppdrætti Akureyrar:

Skipulagslínur stígakerfisins eru upp-
færðar og endurskilgreindar með það
markmið að einfalda kerfið og gera það
skilvirkara. Flestar leiðir eru til staðar í
dag en þó er einnig gert ráð fyrir nýjum
leiðum og uppbyggingum annarra.

Breytingar á stígaskipulagi eru settar
fram á þéttbýlisuppdrætti í mælikvarða
1:10.000. Á uppdráttum eru aðeins
sýndir reiðstígar, megin útivistarstígar
og stofnstígar. Almennir stígar eru ekki
sýndir sem skipulagslínur á uppdrætti.

Á næstu blaðsíðum eru aðaldrættir stíga-
kerfisins dregnir fram til skýringar með
skýringarmyndum þar sem hægt er
að bera saman núgildandi skipulag og
breytt skipulag.

2.2.1 Aðaldættir stígakerfisins

Skipulag og þéttleiki stígakerfisins er byggt upp með þeim hætti að leitast er við að halda ólíkum umferðarmátum aðskildum til að auka jákvæða upplifun og öryggi vegfarenda.

Reiðstígar liggja við útivistar- og hesthúsasvæðin og stofnleiðir þeirra tengjast öðrum sveitarfélögum. Á reiðstígum er ekki gert ráð fyrir öðrum notendum en útreiðafólki.

Útivistarstígar eru við jaðar og í nær-umhverfi þéttbýlisins en gert er ráð fyrir góðum tengingum frá íbúðahverfum að útivistarsvæðum. Á útivistarstígum hafa gangandi vegfarendur forgang en hjól eru velkomin þar líka sem gestir. Við útivistarsvæðin eru fjallahjólbrautir en hvorki þær né skíðabrautir eru flokkaðar sem útivistarstígar.

Stofnstígarnir eru kjarninn í stígakerfinu. Þeir fá mestu vetrarþjónustu allra stíga enda m.a. ætlað að tengja saman hverfi bæjarins með öruggum og skilvirkum hætti. Þeim er einnig ætlað að tengja Akureyri við nágrennasveitarfélög.


Tengistígar mynda þétt net stíga og er ætlað að tengja íbúðahverfin við stofnstíga og nærþjónustu. Tengistígar geta haft sambærilega þjónustu og uppbyggingu og stofnstígar þó að öllu jöfnu sé hún heldur minni. Allir aðrir stígar teljast almennir stígar.

Líkt og önnur umferðarmannvirki kalla stígar á reglubundið viðhald og þjónustu. Þess vegna er mikilvægt að staðsetja stígana með skynsamlegum hætti og hafa stærð kerfisins viðráðanlegt. Stígar sem liggja um sömu slóðir skammt frá hvor öðrum kalla gjarnan á aukið flækjustig í viðhaldi og dreifa notendum með þeim hætti að hver og einn stígur verður lítið notaður og því eyðilegt að ferðast um þá.

Stíganet Akureyrar mun byggjast upp samkvæmt ákveðinni möskvastærð í samræmi við viðkomandi þjónustustig.

Möskvastærð stofnstíga er um 500-750 metrar en tengistíga um 200-500 metrar. Möskvar megin útivistarstíga eru 400-1200 metrar.

REIÐSTÍGAR



Mynd F

Einfölduð skýringarmynd af möskvanesi stígaskipulagsins.




Mynd G

Skýringarmynd: Stígakerfi Akureyrar
fyrir breytingu á aðalskipulagi

Gildandi skipulag

- Göngu- og eða hjólaleið
- Útivistarleið
- Reiðleið

Þéttbýlismörk




Mynd H

Skýringarmynd: Stígakerfi Akureyrar
eftir breytingu á aðalskipulagi

Breytt skipulag

- Stofnstígar
- Útivistarstígar
- Reiðstígar



Eftirfarandi breytingar eru gerðar á þéttbýlis-
upprætti Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030:

Skipulagslínur stígakerfisins eru uppfærðar
og endurskilgreindar með það að markmiði
að uppfæra kerfið miðað við raunverulega
staðsetningu stíga, einfalda kerfið og gera
það skilvirkara.

Breytingar á stígaskipulagi eru settar fram
á þéttbýlisupprætti í mælikvarða 1:10.000,
en hér hafa breytingarnar verið dregnar
fram til skýringar þar sem hægt er að
bera saman núgildandi skipulag og breytt
skipulag.

2.1.30 STÍGAKERFI AKUREYRAR

Markmið

Umferð gangandi vegfarenda verði ávallt sett í forgang við skipulag Akureyrar. Byggt verði upp skilvirkt, öruggt og aðlaðandi stígakerfi sem gerir íbúum kleift að sinna vinnu, daglegum erindum og frístundum allan ársins hring.

Stígakerfi Akureyrar er flokkað með eftirfarandi hætti:

Stofnstígar eru megin göngu- og hjólastígar. Þeir liggja um helstu þjónustukjarna, verslanir og skóla og tengja saman hverfi og sveitarfélög. Á stofnstígum er umferð gangandi og hjólandi vegfarenda aðskilin eins og kostur er. Stofnstígar hafa fyrsta forgang í vetrarþjónustu. Leiðbeinandi staðsetning allra stofnstíga er sýnd á þéttbýlisupprætti.

Tengistígar liggja innan hverfa og tengja íbúðarhverfi við stofnstígakerfið og aðra nærþjónustu. Tengistígar fá forgang í vetrarþjónustu næst á eftir stofnstígum. Tengistígar eru ekki sýndir á þéttbýlisupprætti.

Útivistarstígar liggja m.a. umhverfis og í gegnum þéttbýli í óbyggðu, lítt röskuðu og náttúrulegu umhverfi þar sem þess er kostur. Útivistarstígar eru flokkaðir í megin útivistarstíga og útivistarslóðir en á þéttbýlisupprætti eru megin útivistarstígar sýndir.

Reiðstígar liggja nærri athafnasvæðum hestamanna og tengjast nærliggjandi sveitarfélögum. Reiðstígar eru flokkaðir í stofnleiðir og tengileiðir. Leiðbeinandi staðsetning megin reiðstíga er sýnd á þéttbýlisupprætti.

Almennir stígar eru aðrir og óflokkaðir stígar og slóðir sem liggja um bæinn t.d. um húsagötur og græn svæði. Almennir stígar eru ekki merktir á þéttbýlisupprætti.



Mynd 31.1

Yfirlitsmynd af leiðbeinandi legu stofnstíga og megin útivistar- og reiðstíga. Nákvæm staðsetning ákvarðast í deiliskipulagi.

- Stofnstígar
- Tengistígar
- Útivistarstígar
- Útivistarslóðir
- Reiðstígar - stofnleið
- Reiðstígar - tengileiðir

STOFNSTÍGAR OG TENGISTÍGAR

Almenn atriði

Stofnstígar eru megin samgönguæðar í þéttbýlinu fyrir gangandi vegfarendur og hjólandi. Þeim er ætlað að safna til sín fólki og tengja saman mannlíf bæjarins. Stofnstígar liggja um helstu þjónustukjarna og skóla og er ætlað að tengja saman hverfi og sveitarfélög. Aðskilja skal stofnstíga frá bílaumferð og einnig gangandi umferð frá hjólandi þar sem kostur er.

Stofnstígakerfið

Stofnstígar fylgja í grófum dráttum legu stofn- og tengibrauta en mynda þó sitt eigið samgöngukerfi í þéttbýlinu með viðeigandi hönnunarviðmiðum. Möskvastærð stofnstíganetsins er um 500-750 metrar en það getur verið þéttara í sumum hverfum. Innan þeirra möskva eru tengistígar, almennir stígar og í sumum tilfellum útivistarstígar og slóðir.

Kjarninn í stígakerfinu

Á mynd 31.2 sést fjóluhlá stofnleið sem liggur frá norðri til suðurs í gegnum Akureyri. Þessi leið er hryggjarstykkið í stofnstígakerfinu en hún tengir Akureyri við Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhrepp. Leiðin liggur jafnframt um helstu athafna-, verslunar- og þjónustusvæði bæjarins. Stofnleiðin þverar aldrei þjóðveg nr. 1 nema farið sé austur Leiruveg.

Uppbygging stofnstíga

Mikilvægt er að stofnstígakerfið verði byggt upp samkvæmt framkvæmdaáætlun um stígakerfi Akureyrar eins og hún er samþykkt af bæjarstjórn hverju sinni. Framkvæmdaáætlun skal byggð á aðalskipulagi Akureyrar.

Blandað kerfi og aðskilið

Á stofnstígum er gert ráð fyrir að fyrst um sinn verði blönduð umferð um stígana þar sem gangandi vegfarendur eiga rétt umfram hjólandi. Sú umferð er ólík í eðli sínu og fyrirséð að árekstrum þessara tveggja notkunarhópa muni fjölga eftir því sem notkun stíganna eykst. Því er æskilegt að aðskilja umferðina þannig að hjólastígar myndi með tímanum sitt eigið samgöngukerfi eftir farvegi stofnstíganna. Staðsetning stofnstíga á þéttbýlisupprætti gefur til kynna hvoru megin götunnar hjólastígurinn á að vera en gönguleiðin getur verið hvoru

megin sem er eða beggja megin þar sem umferðin er mest. Þá er önnur leiðin skilgreind sem stofnstígur en hin sem tengistígur með minni vetrarþjónustu.

Tengistígar

Á mynd 31.2 eru tengistígar sýndir til skýringar með ljósbláum lit. Ekki er tekin afstaða til staðsetningu þeirra í aðalskipulagi því uppbygging og skipulag á neti tengistíga ákvarðast að mestu leyti á því hversu mikla þjónustu stígarnir fá yfir vetrartímann. Staðsetning tengistíga er einnig ákveðin við deiliskipulagsgerð.

Tengistígar eru á margan hátt samþærilegir stofnstígum varðandi uppbyggingu og viðhald en á þeim má gera ráð fyrir mikilli blöndun umferðar og töluverðum fjölda barna á hjólum á leið til skóla. Stofnstígar og tengistígar mynda því samhangandi umferðarkerfi þó svo að aðeins stofnstígar séu sýndir á þéttbýlisupprætti aðalskipulags.



- Stofnstígar (kjarninn)
- Stofnstígar
- Tengistígar

Mynd 31.2
Yfirlitsmynd stofnstíga og tengistíga -
leiðbeinandi lega. Nákvæm staðsetning
ákvæðast nánar í deiliskipulagi

UPPBYGGING STOFNSTÍGA

Núverandi stofnstígar eru fyrir blandaða umferð. Þeir eru misjafnir að gæðum þegar kemur að breidd og öðrum hönnunaratriðum en bestu stígarnir eru malbikaðir og 3-3,5 m á breidd. Gert er ráð fyrir auknum aðskilnaði gangandi og hjólandi umferðar með uppbyggingu á nýjum stofnstígum og endurbótum á þeim sem fyrir eru. Stígana þarf að laga að ólíkum aðstæðum og umferðarmagni á hverju svæði.

Hér á næstu síðum er gert grein fyrir uppbyggingu stofnstíga en þeir eru flokkaðir sem A, B og C gerðir stíga. Þau hönnunarviðmið sem eru sett hér fram um hjólreiðar eru að mestu leyti byggð á hönnunarleiðbeiningum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar.

Stofnstígur A gerð / blönduð umferð

Í upphafi skipulagstímans verða flestir stofnstígar af A gerð en aðallega er um að ræða þá stíga sem nú þegar hafa verið byggðir upp. Laga skal þá stíga sem best að þeim kröfum sem gerðar eru til góðra göngu- og hjólaleiða. Það er t.d. gert með öruggari og þægilegri þverunum

yfir umferðargötur, lýsingu, merkingum og góðri vetrarþjónustu. Taka þarf niður háa kanta, athuga með misfellur á yfirborðsefni t.d. vegna skemmda og í kringum niðurföll, passa að staurar og önnur götugögn séu a.m.k. hálfan metra frá stíg, kanna hvort hægt sé að fækka blindhornum og ganga úr skugga um að ekki séu þverslár á stígnum sem geta skapað árekstrarhættu í myrkri. A gerð stíga getur hentað vel þar sem tiltöllulega lítil umferð gangandi og hjólandi vegfarenda er. Þar gildir almenn hægri umferð og á forsendum gangandi þar sem hjólandi ber að víkja.

Stofnstígur B gerð / aðgreind

Á stígum af B gerð er gert ráð fyrir að umferð gangandi vegfarenda og hjólreiðafólks verði aðgreind með hvítu línu á breiðum malbikuðum stíg. Skilti við stígana sýna um hvernig stíg er að ræða. Þessi gerð stíga getur verið örugg og hagkvæm í rekstri þar sem nægjanlegt svæði er til að byggja upp um 4,5-6 metra breiðan stíg. Hér er gert ráð fyrir 2,5-3,5 metra breiðri hjólaleið og 2-2,5 m gönguleið.

A gerð

Blönduð umferð



Blönduð göngu- og hjólaleið



Blönduð göngu- og hjólaleið á miðbæjargötu

B gerð

Aðgreind umferð



Aðgreind göngu- og hjólaleið



Aðgreind hjóla og gönguleið

C gerð

Aðskilin umferð

Stofnstígur C gerð / aðskilin umferð

Á C gerð stofnstíga er umferð gangandi vegfarenda og hjólréiðafólks aðskilin að fullu með þeim hætti að sérstök tvístefnu hjólaleið er byggð upp öðru megin götunnar. Þessi gerð stíga er hugsuð fyrir þær leiðir þar sem umferð er þyngst. Hjólaleiðin skal að jafnaði vera 2,5 m eða breiðari. Breidd gönguleiðar skal vera 2-3 m. Göngu- og hjólaleiðir geta legið þétt saman eftir stofnstígum en geta einnig verið sitt hvoru megin við götu.



Aðskilin göngu- og hjólaleið



Aðskilin göngu- og hjólaleið við þunga umferðargötu





Forgangsröðun snjómoksturs

Stígakerfi Akureyrar er skipulagt með því markmiði að stofn- og tengileiðir verði greiðfærar allt árið. Hvort sem stígarnir eru fyrir blandaða umferð eða afmarkaða umferð gangandi og hjólandi þá má gera ráð fyrir að yfirborð stíganna verði stundum þakið snjó þannig að merkingar sjáist ekki. Þá gildir almenn hægri umferð og gagnkvæm tillitssemi, þó alltaf með þeim formerkjum að gangandi vegfarendur eru í rétti. Ef umferð gangandi og hjólandi vegfarenda er á aðskildum leiðum þá er lögð mikil áhersla á að halda þeim leiðum báðum opnum allt árið.

Svæði milli stíga og akbrauta verður notað fyrir snjóruðninga en þeir skapa jafnframt vörn og afmörkun frá akandi umferð. Þegar álag á snjómokstur er mikið þá á að forgangsraða mokstri á stofnstígum. Ef annar stígur, sem gegnir ekki mikilvægu samgönguhlutverki, er við hina hlið götunnar er þjónusta við hann sett aftar í forgangsröðina. Stofnstígar og hluti tengistíga eiga öllu jöfnu að vera ruddir, hákuvarðir og greiðfærir við upphaf vinnudags.

Nánar er fjallað um mokstur og þjónustu við stíga síðar í greinargerðinni.



Mynd 31.9-10 Snjómoksturssvæði og ofanvatnslausnir.

A gerð stofnstíga

BLÖNDUÐ UMFERÐ

Almenn hönnunarviðmið

Þegar ákvörðun um breidd á stíg er tekin þarf að horfa til áætlaðs fjölda gangandi og hjólandi vegfarenda en lágmarksbreidd er 3 m og er þá miðað við að hjólréiðamaður geti mætt tveimur gangandi vegfarendum. Þá er æskilegt að sameiginlegur stígur uppfylli sömu hönnunarviðmið og gerðar eru til hjólastíga, t.d. varðandi halla, beygjuradíusa og sjónlengdir.

Ekki skal staðsetja skilti eða skýli yfir stígum neðar en 2,5 m frá yfirborði. Frá köntum stígs skal vera 0,5 m frítt svæði þar sem ekki má staðsetja gróður, staura, skilti, ruslabíður eða önnur götu-

gögn. Á opnum svæðum er gott að láta stíga standa um 15 cm upp úr landinu. Þannig næst betri afvötnun af stígnum því gera þarf ráð fyrir að landið muni hækka með tímanum í kringum stíginn. Stundum getur einnig þurft að koma fyrir ræsi til að taka við yfirborðsvatni.

Stígarnir þurfa að geta borið umferð viðhalds- og rekstrartækja. Ef malbikaður hjólastígur fer þvert yfir malarveg þá er gott ef um 7 m af veginum eru malbikaðir til beggja átta til að draga úr líkum á að lausir steinar berist inn á hjólastíginn.



Mynd 31.11 Dæmi um uppbyggingu stofnstígs af A gerð.



Mynd 31.12 Lágmarksstærðir við A gerð stíga.



Mynd 31.13 Hjólréiðamenn eru margir ólíkir hópar notenda

B gerð stofnstíga

AÐGREIND UMFERÐ

Almenn hönnunarviðmið

Á stofnstígum með aðgreindum göngu- og hjólaleiðum liggur hjólahluti stígsins nær götu en gönguleið fjær. Hjólastígur er aðgreindur frá gönguleið með að minnsta kosti 10 cm breiðri málaðri línu. Ekki er gert ráð fyrir hæðarmun milli samliggjandi göngu- og hjólaleiða til að auðvelda rekstur stíganna við sópun og snjómokstur en aðliggjandi akrein götu þarf að vera 10-15 cm lægri en stígarnir.

Á tvístefnuhjólastíg skal vera 10 cm breið fullbrotin miðlína með 1 m langri línu og 3 m á milli lína. Þar sem sjónlengdir eru skertar eða meiri þörf á aðgæslu skal línan vera 3 m með 1 m bili.

Hjólastígar eru merktir með máluðu hjólamerki eftir öll gatnamót og inngríp til dæmis þar sem göngustígar koma þvert á hjólastíginn. Hjólamerki þarf einnig að setja á um 150 m fresti eftir aðstæðum. Á einstefnu hjólastígum þarf að merkja akstursstefnu með örvum.

Þar sem tvístefnustígar eru staðsettir

samsíða umferðargötum ætti helst að vera 1,5 m milli stígs og götu en í minnsta lagi 0,7 m miðað við að hámarkshraði götu sé ekki hærrí en 50 km/klst. Ef hámarkshraði er meiri þá þarf að setja upp vegrið milli götu og stígs þannig að sú hlið sem snýr að hjólreiðamönnum skapi þeim ekki hættu.


Þar sem umferð um sameiginlega stíga er mikil getur verið ráð að merkja „Sýnum tillitssemi“ á yfirborðið til að minna á það mikilvæga atriði.

Ef niðurföll eru á hjólastíg þarf að tryggja öryggi hjólandi vegfarenda svo þeir festist ekki eða fipist við að hjóla yfir ristina. Því er ráðlagt að hafa niðurföll staðsett þannig að þau séu til hliðar við stíginn og að rímlarnir liggja á ská eða þvert á akstursstefnu.



Mynd 31.14

Aðgreind umferð við Háaleitisbraut í Reykjavík - ja.is



Gert er ráð fyrir að gönguhluti B gerð stofnstíga verði 2-2,5 m breiðir

Tvístefnu hjólastígar þurfa að vera 2,5-3,5 m breiðir og einstefnu hjólastígar 1,8-2,2, m breiðir

Mynd 31.15 Snið af uppbyggingu á aðgreindum stofnstíg af B gerð.

Mynd 31.16 Skýringarmynd af götuumhverfi með stofnstíg af B gerð með aðgreindum göngu- og hjólahluta.



Gönguhluti stofnstígs af B gerð.

Tvístefnu hjólastígur samsíða götu með 0,7 m öryggissvæði.

C gerð stofnstíga

AÐSKILIN UMFERÐ

Almenn hönnunarviðmið

Stofnstígar af C gerð eru með aðskildum göngu- og hjólaleiðum. Gönguleiðir eftir stofnstígum skulu vera a.m.k. 2-2,5 m breiðar og hjólastígar með tvístefnu skulu vera a.m.k. 2,5-3,5 m breiðir. Við umferðargötur er hjólastígur nær götu.

Þar sem C gerð stofnstíga liggja um opin svæði er æskilegt að aðskilja göngu- og hjólaleiðir með trjám og gróðri og náttúrulegu umhverfi. Ljóst er að ekki er allsstaðar rými fyrir slíka útfærslu en þá skal aðlaga stígana að nærumhverfinu.

Við umferðarpungar götur skal aðskilja stofnstíga frá akbrautum með 2-6 m breiðum gróðurbeltum til að auka öryggi og jákvæða upplifun vegfarenda. Gróðurbeltin munu veita ofanvatni á náttúrulegan hátt niður í jarðveginn og minnka þannig álag á fráveitukerfum í vætutíð. Ráðlagt er að gróðursetja fjölærum plöntum sem þola snjóþunga en þær leggjast í dvala yfir veturinn og því munu svæðin jafnframt nýtast sem snjósöfnunarsvæði á veturna.



Mynd 31.17-19 Snið með lágmarksstærðum á aðskildum göngu- og hjólastígum.



Mynd 31.20 Snið af C gerð stofnstíga með aðskildum göngu- og hjólastígum. Gróðurbelti aðskilur stígana frá umferðarpungri götu.

Á nokkrum stöðum munu göngu- og hjólaleiðir fara eftir ólíkum svæðum stofnstígsins. Slíkar hjólaleiðir geta t.d. legið í gegnum græn svæði eða milli húsa í næsta nágrenni við hægari umferð gangandi vegfarenda. Þegar ákveðið er að aðskilja göngu- og hjólaleiðir fylgja þær samt sem áður sömu stofnleið.

Almenna reglan varðandi gangandi vegfarendur og hjólreiðafólk er sú að sá hluti sem ætlaður er reiðhjólum er nær götu en göngustígurinn fjær. Við árbakka og strandsvæði er gangandi ætlað að ferðast nær vatninu en hjólreiðafólk fjær. Svæðin milli götu og stíga styrkja ásýnd og upplifun umhverfisins og stuðla að aukinni lífræðilegri fjölbreytni í þéttbýlinu.

Gæta þarf þess að stígarnir og umhverfi þeirra valdi ekki gangandi og hjólandi vegfarendum hættu til dæmis ef hjólreiðamaður missir stjórn á hjólinu sínu og hjólar út af stígnum. Dæmi um hættur er hæðarmunur meiri en 1,5

metrar og meiri bratti en 1:2, vatn dýpra en 0,5 m og nálægð við bílaumferð. Veggir, girðingar, götugögn, staurar, tré og aðrar hindranir nálægt stígum geta einnig valdið hættu. Æskilegt er að fjarlægja það sem veldur mögulegri hættu við stígana eða að öðrum kosti setja upp vegrið eða girðingu til varnar með þeim formerkjum þó að slíkt valdi ekki meiri hættu. Girðing ætti að vera að lágmarki 1,1 m á hæð miðað við yfirborð stígs og eins langt frá honum og hægt er, að lágmarki 0,5 m.

Þar sem mikill gróður er við stígana þarf að gæta að sjónlengdum við beygjur og vegamót. Of þéttur gróður getur valdið óöryggisstillfinningu hjá notendum stíga-kerfisins jafnvel þó öllum reglum um sjónlengdir sé fylgt. Þetta á sérstaklega við þegar birtuskilyrði eru ekki góð og gróður er beggja vegna stíga. Þar sem þéttur runna- og trjágróður fylgir stíg á löngum vegarkafla getur komið vel út að hafa gróðurinn í um 3 m fjarlægð frá stígnum.



Mynd 31.21

Aðskilin umferð við Suðurlandsbraut í Reykjavík (ja.is).



Mynd 31.22

Aðskilin umferð í Fossvogi í Reykjavík (ja.is).

ÚTIVISTARSTÍGAR

Almenn atriði

Útivistarstígar liggja um náttúruleg svæði í jaðri byggðarinnar og um aðliggjandi fjalllendi. Þeir henta fyrst og fremst göngufólki þó að hjólreiðar séu leyfðar. Stígarnir eru mjög ólíkir að gerð og eru allt frá því að vera mjóar óupplýstar slóðir við jaðar þéttbýlisins yfir í malbikaðar, breiðar og upplýstar leiðir nærri íbúðarbyggð. Mikilvægt er að sem flestir útivistarstíga séu aðgengilegir með þarfir hreyfihamlaðra í huga svo sem flestir geti notið útivistar og hreyfingar í náttúrulegu umhverfi milli fjalls og fjöru.

Útivistarleiðum í nærumhverfi Akureyrar er skipt í tvo flokka, útivistarstígar og útivistarslóðir, en á þéttbýlisupprætti er leiðbeinandi lega útivistarstíga sýnd.

Megin útivistarstígar

Útivistarstígar bæta aðgengi fyrir íbúa og gesti að útivistarsvæðum og náttúru í nærumhverfi Akureyrar. Leiðarkerfi megin útivistarstíga við Kjarnaskóg og Naustaborgir er þétt en stígarnir teygja sig einnig upp í Hlíðarfjall, inn Glerárgil og tengjast stígum nágrannasveitarfélaga. Stígarnir eru alla jafna vel uppbyggðir og þjónustaðir reglulega.

Breidd megin útivistarstíga er á bilinu 1,5-3 metrar en yfirborðsefni þeirra veltur umhverfi þeirra og notkun. Dæmi um yfirborðsefni eru malbik, mól, timburklæðning og trjákur.

Margar þeirra leiða sem sýndar eru á

þéttbýlisupprætti á eftir að byggja upp og því er lega þeirra til leiðbeiningar og getur tekið nokkrum breytingum við deiliskipulagsgerð.

Hringleið

Gert er ráð fyrir um 20 km hringleið útivistarstíga umhverfis þéttbýlið sem mun tengja íbúðarhverfin við aðra stíga og slóðir í náttúru utan byggðar. Gert er ráð fyrir að leiðin liggi meðal annars meðfram strandlengjunni, upp með Lóninu og Krossanesborgum, gegnum skógræktarsvæði, um óbyggð svæði, Naustaborgir og Kjarnaskóg.

Útivistarslóðir

Útivistarslóðir geta verið fjölfarnar og vel uppbyggðar leiðir en oftast er um að ræða fáfarnar slóðir eða stikaðar leiðir frá hringleiðinni. Breidd útivistarslóða er yfirleitt á bilinu 0,6-2 metrar og með

óbundnu yfirborðsefni. Stikaðar leiðir eru helst notaðar í viðkvæmu landslagi þar sem umferð er lítil. Ef álag á stikaða leið fer að valda skemmdum er gert ráð fyrir að viðkomandi leið verði byggð upp og mörkuð með skýrari hætti í landslagið með varanlegri malarbornum stíg. Útivistarslóðir eru ekki sýndar á þéttbýlisupprætti en hér á mynd 31.23 eru helstu slóðir í jaðri og innan byggðar sýndar. Gert er ráð fyrir að á skipulagstímabilinu taki skilgreiningar á útivistarslóðum breytingum eftir þeim áherslum sem Akureyrarbær setur fyrir uppbyggingu einstakra svæða.

Stígamót útivistar- og reiðstíga

Stefnt er að fullum aðskilnaði útivistar- og reiðstíga fyrir öryggi allra. Æskilegt er að setja upp viðvörun með skiltum við og áður en komið er að stígamótum.



- Útivistarstígar - megin stígar
- Útivistarslóðir

Mynd 31.23
Yfirlitsmynd útivistarstíga - leiðbeinandi
lega. Nákvæm staðsetning ákvarðast
nánar í deiliskipulagi.

UPPBYGGING ÚTIVISTARSTÍGA

Útivistarstígum er ætlað að styðja við fjölbreytta útivistarmöguleika og auka aðgengi að náttúrulegu umhverfi. Við uppbyggingu stíganna skal huga að algildri hönnun og góðu aðgengi fyrir sem flesta notendahópa.

Útivistarstígar stuðla að náttúruvernd þar sem þeir beina umferð fólks eftir ákveðnum leiðum um viðkvæm svæði. Stundum fer einnig ágætlega að samnýta til dæmis jarðstrengjaleiðir og stígagerð. Ákjósanlegt getur verið að nota gamlar þjóðleiðir sem útivistarstíga sem liggja oft með rökréttum hætti í landslaginu. Það gerir ferðina jafnvel söguríkari og verndar þjóðleiðirnar frá því að gróa upp og hverfa.

Fjölmargar athuganir hafa sýnt fram á að útivistarsvæði við strendur og árfarvegi hafa hvað mest jákvæð áhrif á andlega líðan fólks. Frá árinu 2014 hefur Akureyrarbær byggt upp útivistarsvæði við Pollinn með það að leiðarljósi að endurheimta gæði strandarinnar sem eitt sinn var svo ríkur þáttur í daglegu lífi bæjarbúa.

Blandaðir stígar

Á útivistarstígum gilda sömu reglur um reiðhjól og á almennum stígum þéttbýlissins. Bæjarstjórn getur þó sett strangari reglur um einstök svæði. Í fólkvangnum í Krossanesborgum er öll umferð vélknúinna ökutækja óheimil nema vegna verkefna á vegum Akureyrarbæjar.

Þar sem ekki eru stígar

Bæjarbúum og gestum er heimilt að ganga um útivistarsvæði Akureyrarbæjar þó þar séu ekki uppbyggðir stígar eða stikaðar slóðir. Þeim ber þó skylda að gæta fyllstu varkárni og forðast að valda skemmdum á landi eða mannvirkjum. Það sama gildir um land í einkaeigu fyrir utan einkagarða og vel merkt afgirt svæði nálægt byggð. Þannig er heimilt að fara gangandi um óræktuð lönd, strandir, ár- og vatnsbakka og dvelja þar um stund. Óheimilt er að hindra för útivistarfólks með girðingum eða mannvirkjum við vatnasvæði.



Mynd 31.24

Í Hrísey eru margar áhugaverðar útivistarleiðir.



Mynd 31.25

Frá Kjarnaskógi þar sem fjölmargir útivistarstígar hafa verið byggðir upp undanfarna áratugi.

Fólkvangar

Í Krossanesborgum og Glerárdal eru fólkvangar þar sem sérstakar reglur og samningar gilda með það að markmiði að vernda svæðin til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Öll stígagerð á þessum svæðum er háð leyfi bæjarstjórnar Akureyrar og Umhverfisstofnunar.

Stígur við Oddeyrartanga

Við nýframkvæmdir á Oddeyrartanga skal gera ráð fyrir að hluti hringleiðar liggi þar. Uppbygging útivistarstígsins getur átt sér stað í nokkrum áföngum og yfir langt tímabil. Til dæmis gæti stígurinn verið við Kaldbaksgötu meðan hafnarstarfsemi á Oddeyri er óbreytt. Skipulagið gerir ráð fyrir að leiðin liggi fyrst í stað um Hjalteyrargötu en stefnt skal að því að stígurinn verði sem næst hafnarvæðinu og sjónum.

Mynd 31.26 sýnir framtíðarsýn á Oddeyrartanga. Dökkgrænu línurnar sýna núverandi legu útivistarstígsins en þær ljósu sýna hugmynd að framtíðarstaðsetningu hans.



Mynd 31.26 Framtíðarsýn - útivistarstígur á Oddeyrartanga, til skýringar.

ÚTIVISTARSTÍGAR MARKMIÐ OG LEIÐIR

Stuðlað skal að umhverfi sem hvetur til útiveru allan ársins hring

Til að ná því markmiði þarf að halda áfram að byggja upp og þjónusta aðlaðandi og þægilega stíga um ólík vistkerfi bæjarlandsins án þess að gengið sé á gæði landsins.

Útivistarleiðir þurfa að styðja við fjölbreytta útivistarmöguleika.

Hugað verði að algildri hönnun og aðgengi fyrir alla aldurshópa.



REIÐSTÍGAR

Almenn atriði

Reiðstígar eru þeir stígar sem sérstaklega eru ætlaðir fyrir umferð reiðmanna því þeir skulu hafa kost á öruggum stígum aðskildum frá annarri umferð. Skipulag megin reiðstíga á Akureyri miðast m.a. við aðalskipulag nærliggjandi sveitarfélaga varðandi tengingar stofnleiða. Í tengslum við athafnasvæði hestamanna verður reiðleiðanetið þéttast. Á þéttbýlisupprætti eru skilgreindir helstu reiðstígar og aðrar reiðleiðir til leiðbeiningar.

Í „Leiðbeiningum um gerð og uppbyggingu reiðvega“ sem unnar voru í samvinnu Landsambands hestamannafélaga og Vegagerðarinnar, eru reiðleiðir flokkaðar í tvo aðalflokka eftir hlutverki í stofnleiðir og tengileiðir. Skipulag reiðstíga á Akureyri tekur mið af þessari flokkun.

Stofnleiðir

Um er að ræða aðal reiðleiðir á milli sveitarfélaga sem tengja saman sveitir og þéttbýli annars vegar og hálendið hins vegar. Þetta eru aðalleiðir í byggð utan þéttbýlis og á þeim má gera ráð fyrir öllum tegundum hestaumferðar allt frá einstaklingsumferð upp í hópa með rekstur lausra hrossa. Á stofnleiðum þarf að vera pláss fyrir reiðmann með þrjú hross til reiðar og að við mætingar geti annar reiðmaðurinn vikið út fyrir veg. Mynd 31.28 sýnir reiðleiðir við Akureyri. Dökkbrún lína táknar stofnleiðina sem liggur frá Eyjarfjarðarsveit, um hest-

húsasvæðin ofan við Akureyri og tengist þaðan Hörgársveit. Gulu línurnar tákna aðrar helstu tengileiðir.

Tengileiðir

Tengileiðir bjóða uppá fjölbreyttar leiðir í nærumhverfi stofnleiðarinnar og á milli hesthúsaahverfa. Uppbygging reiðstíga á tengileiðum miðast við að þar sé mikil umferð allt árið um kring. Á þessum leiðum þarf að gera ráð fyrir að tveir reiðmenn geti mæst þótt hvor um sig sé með tvo hesta. Nánari grein er gerð fyrir staðsetningu og uppbyggingu reiðstíga og áningarhólfa í deiliskipulagi einstakra svæða.

Rétt vestan við hesthúsasvæðið Hlíðarholt eru friðlýstar fornleifar, Dómhringir. Samráð skal haft við Minjastofnun um nákvæma staðsetningu á fyrirhugaðri tengileið þar nærri. Æskilegt er að færa reiðleiðir frá götum þar sem því er viðkomið og miða

við a.m.k. 5 metra fjarlægð frá vegöxl að reiðstíg. Stefnt er að fullum aðskilnaði hestaumferðar á reiðstígum frá umferð gangandi og hjólandi vegfarenda á úti-vistarstígum til að bæta öryggi fyrir alla. Samkvæmt lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarbæ er umferð reiðhesta „bönnuð innan Akureyrarbæjar annars staðar en í deiliskipulögðum hesthúsaahverfum í Breiðholti og Hlíðarholti og á merktum reiðstígum nema með sérstöku leyfi eða samþykkt Akureyrarbæjar“.

Þverun gatna og stíga

Þar sem reiðstígur þverar akveg skal setja upp þverslár sem gefa knöpum möguleika á að stöðva hross áður en komið er að umferðargötu. Við stígamót útivistar- og reiðstíga skal setja upp viðvörun með skiltum og við þverun stofn- eða tengistíga skal jafnframt vara vegfarendur við með öryggislínum á yfirborði stíganna.



- Reiðstígar / stofnleið
- Reiðstígar / tengileiðir

Mynd 31.28
Yfirlitsmynd, stofnleið og tengileiðir -
leiðbeinandi lega. Nákvæm staðsetning
ákvarðast í deiliskipulagi.

UPPBYGGING REIÐSTÍGA

Breytt lega stofnleiðar

Stofnleiðin er talsvert breytt frá fyrra skipulagi vegna fyrirhugaðrar lagningu Hólasandslínu 3 sem mun að hluta liggja nærri núverandi reiðstígakerfi. Jarðrask við lagningu línunar verður nýtt til þess að færa til og bæta stofnleið reiðstíga. Í tengslum við þessar framkvæmdir var ákveðið að byggja upp tvær nýjar brýr á stofnleiðinni. Önnur mun liggja yfir Glerárgil skammt frá hesthúsasvæðinu Breiðholti en hin var vígð í júlí 2020 og liggur yfir Eyjafjarðará við Flugvöllinn og fékk nafnið Vesturbrú.

Uppbygging reiðstíga

Reiðvegi skal fella að svipmóti umhverfis og ganga frá fláum þannig að þeir séu sléttir og tengi vegina vel við umhverfi sitt. Að öllu jöfnu skulu reiðstígar vera malarlagðir og 4-5 metra breiðir.

Á reiðstígum þarf að gera ráð fyrir að möguleiki sé að mæta reiðmönnum með nokkur hross til reiðar. Þar sem umhverfi er tiltölulega flatt er mögulegt að víkja út af vegi við mætingar en þar

sem reiðvegur er uppbyggður geta hins vegar skapast hættulegar aðstæður ef fláar eru brattir og með grófu yfirborði. Hætta getur einnig skapast ef hross slíta sig úr taumi við þröngar mætingar. Við hönnun reiðstíga skal hugað sérstaklega að þessum atriðum og tryggja góða vegsýn og takmarka þveranir reiðstíga við aðra stíga. Gera skal ráð fyrir bættri þverun yfir Eyjafjarðarbraut vestri til að tryggja öryggi hestamanna og vegfarenda en umferð um gatnamótin hefur aukist og er áriðandi að ráðast í framkvæmdir þar til að bæta öryggi allra.

Áningarstaðir

Á áningarstöðum við reiðleiðir er aðstaða fyrir hesta og reiðmenn til að hvílast. Fjórir áningarstaðir eru við stofnleiðina þ.e. við Hamraborg, í Breiðholti, við Lögmanshlíð og svokallaða Flugvallarétt.

Ekki er gert ráð fyrir fjölgun áningarstaða á skipulagstímabilinu. Áningarstaðirnir í Breiðholti og Lögmanshlíð munu færast í samræmi við tilfærslu stofnleiðar og gert er ráð fyrir að Flugvallaréttin verði endurbyggð við nýja brúarstæðið.





Almennt geta áningarstaðir verið allt frá girðingarhólfum fyrir stóra hópa lausra hesta og yfir í aðstöðu fyrir einn eða fleiri til að binda sína hesta meðan höfð eru hestaskipti. Mikilvægt er að staðsetja áningarstaði þar sem umhverfið þolir vel álag t.d. þar sem ekki er viðkvæmur gróður. Líkt og með reiðstíga þá er rétt að staðsetja áningarstaði í hæfilegri fjarlægð frá vegum til að takmarka hættu á að hross fælist vegna umferðar eða ráfi út á veg ef þau losna. Gott er að gera ráð fyrir því að bera mól á áningarstaði til að þeir vaðist ekki upp í mold. Huga þarf að tengingum reiðstígakerfisins við beitarhólf í eigu Akureyrar.

Lýsing og vetrarþjónusta

Við hesthúsaáhrifin og á megin reiðleiðum þarf að huga að lýsingu svo hestar og reiðmenn sjái umhverfi sitt vel miðað við ferðahraða og geti nýtt sér stíga þegar dimmt er. Skipulag snjómoksturs byggist á samráði hestamanna og fulltrúa Akureyrarbæjar.



REIÐSTÍGAR MARKMIÐ OG LEIÐIR

Byggja skal upp skilvirkt, öruggt og aðlaðandi reiðstígakerfi.

Haldið verður áfram að byggja upp reiðstíga af góðum gæðum og sérstaklega hugað að nýjum stígum stofnleiðar.

Byggð verði upp ný brú á stofnleiðinni yfir Glerá. Huga þarf að öruggum stígatengingum við brýr.

Æskilegt er að megin reiðleiðir séu greiðfærar allt árið um kring og upplýstar með viðeigandi ljósmagni.



HRÍSEY

Almenn atriði

Þau markmið og áherslur sem sett eru fram í þessari greinargerð um stígaskipulag Akureyrar eiga einnig við um Hrísey en vegna landfræðilegrar sérstöðu er hér sérkafla um megináherslur í stígaskipulagi eyjunnar. Á skipulagsupprætti eru megin útivistarstígar sýndir en almennar göngu- og hjólaleiðir eru hér aðeins sýndar til skýringar en þær liggja um gatna- og vegakerfi eyjunnar. Umferð gangandi vegfarenda og hjólréiðafólks hefur forgang á aðra umferð innan þéttbýlis.

Almenningssamgöngur

Ferjan Sævar siglir milli Árskógssandar og Hríseyjar allt árið um kring, 7-9 sinnum á dag og tekur ferðin um 15 mínútur. Um 35 km eru frá Árskógssandi til Akureyrar. Ferjusiglingar eru grunnforsenda byggðar í Hrísey og er í raun eina virka aðkomuleiðin og því þarf að leggja mikla áherslu á hátt þjónustustig. Strætisvagn gengur frá Akureyri að afleggjaranum við Árskógssand en þaðan er um 1 km að höfninni.

Umferð bifreiða

Umferð í Hrísey er helst tengd umferð til og frá bryggjukantinum þar sem ferjan hefur sína aðstöðu. Umferð traktora eru hins vegar nokkuð áberandi og er m.a. boðið upp á ferðir á slíkum farartækjum með leiðsögn frá húsi Hákarla Jörundar. Segja má að traktorar séu eitt af einkennum samfélagsins í Hrísey.

Stígakerfi

Ekki er gert ráð fyrir skilgreindum stofn- og tengistígum eða reiðstígum. Þess í stað teljast allar götur innan þéttbýlis vera almennir stígar þar sem gangandi og hjólandi vegfarendur hafa forgang á aðra umferð. Áhersla er lögð á að auðvelt sé að komast gangandi eða hjólandi um hverfin og út í náttúruna. Göngustígar hafa verið skilgreindir í deiliskipulagi við hafnarsvæði og tiltölulega stórt net útivistarstíga liggur um eyjuna.

Útivistarstígar

Frá þéttbýlinu liggja útivistarstígar til norðurs og austurs. Í Hrísey eru þrjár merktar gönguleiðir. Um er að ræða hringleiðir en við göngustígana eru upplýsingaskilti með ýmis konar fróðleik um náttúru, jarðfræði og sögu Hríseyjar. Þá eru göngustígar frá Norðurvegi að fuglaskoðunarhúsi við Lambhagatjörn

annars vegar og að flugvellinum hins vegar. Mikilvægt er að votlendissvæðinu sunnan Lambhagatjarnar verði ekki raskað með stígagerð. Gert er ráð fyrir stíkaðri gönguleið frá núverandi göngustíg við Háeyjarstein og til norðurs eftir háeyjunni. Gönguleiðin mun liggja að Hríseyjarvita og áfram til norðurs að nyrsta og hæsta hluta eyjarinnar (110 m) sem heitir Bratti og eru skriður þar í sjó fram. Þá er einnig gert ráð fyrir gönguleið meðfram austurströnd Hríseyjar, frá Hvatastöðum og til norðurs að Hríseyjarvita. Aðeins er gert ráð fyrir að þessar leiðir verði stíkaðar en ekki eiginlegir göngustígar. Af þeim sökum er ekki gert ráð fyrir að leiðunum verði raskað á nokkurn hátt.

Gönguleið mun liggja um land Ystabæjar sem er á náttúruminjaskrá vegna fjöl-skrúðugs gróðurs og mikils fuglalífs. Vegna þess skal aðgát höfð þegar farið

er um svæðið og taka fyllsta tillits til fuglalífs sérstaklega á varptíma.

Áherslur aðalskipulagsins eru þær að byggðar skulu upp þéttar og greiðar útivistarleiðir fyrir gangandi og hjólandi og að íbúum og ferðamönnum verði tryggð fjölbreytt aðstaða til útiveru og náttúruskoðunnar. Á þeim svæðum skal gera ráð fyrir merkingum og góðu aðgengi eftir því sem aðstæður leyfa.

Vistgötur

Gangstéttar eru ekki meðfram götum Hríseyjar og því eru þær einnig nýttar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Til að auka öryggi gangandi vegfarenda er stefnt að því að allar húsagötur í þéttbýlinu séu hellulagðar og skilgreindar sem vistgötur með 10 km/klst hámarkshraða. Hámarkshraði á öðrum götum og vegum er 30 km /klst.


Göngustígar

Deiliskipulag Hafnar- og miðsvæðis Hríseyjar frá 2017 gerir m.a. ráð fyrir frekari uppbyggingu á miðsvæði ofan hafnarinnar. Í dag er þar grasflöt sem nýtt er sem leik- og samkomusvæði

og er um leið vísir að skróðgarði. Á svæðinu er lítill boltavöllur, ærslabelgur, önnur leiktæki og dvalarsvæði með grillum, borðum og bekkjum. Þar er Hríseyjarhátíðin haldin árlega. Svið verður áfram á sama stað og gert er ráð fyrir frekari trjágróðri á svæðinu til að skapa skjól og fegra umhverfið.

Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á svæðinu en þó er gert ráð fyrir gangbraut frá aðkomusvæði ferjunnar yfir að Ægisgötu. Þar tekur við fyrirhugaður 4-5 metra gönguás með föstu yfirborði að Hafnargötu. Þaðan er svo gert ráð fyrir umferð gangandi vegfarenda upp Hafnargötu annars vegar og suður Sjávangötu hins vegar.

Göngustígur liggur frá Sjávangötu vestan tjaldstæðis að sjóvarnargarði og meðfram honum til austurs. Gert er ráð fyrir að þessi göngustígur muni liggja frá tjaldsvæðinu til vesturs meðfram sjóvarnargarði að hafnarsvæðinu. Þá verður komin óslitin gönguleið meðfram sjónum sunnan þéttbýlisins.



Mynd 31.31 Stígakerfi Hríseyjar

- Vegir og götur
- Gangandi og hjólandi vegfarendur hafa forgang
- Útivistarstígar

GRÍMSEY

Almenn atriði

Þau markmið og áherslur sem sett eru fram í þessari greinargerð um stígaskipulag Akureyrar eiga einnig við um Grímsey en vegna landfræðilegrar sérstöðu er hér sérkafla um megináherslur í stígaskipulagi eyjunnar. Á skipulagsupprætti eru megin útivistarstígar sýndir en almennar göngu- og hjólaleiðir eru hér aðeins sýndar til skýringar en þær liggja um gatna- og vegakerfi eyjunnar. Umferð gangandi vegfarenda og hjólreiðafólks hefur forgang á aðra umferð innan þéttbýlis.

Almenningssamgöngur

Ferjan Sæfari siglir milli Dalvíkur og Grímseyjar allt árið og ferðin tekur um 3 klukkustundir. Yfir vetrartímann siglir ferjan þrisvar til fjórum sinnum í viku en fimm sinnum á sumrin. Stoppið í eyjunni er mislangt eftir árstíma og dögum. Um 45 km eru frá Dalvík til Akureyrar en þangað gengur strætó. Einnig er hægt að panta akstur með strætisvagni í Grímsey þar sem boðið er upp á akstur suður að vita og norður að Bäsavík. Auk þess er skutl milli flugvallar og ferju. Norlandair flýgur til Grímseyjar allt árið fimm daga í viku yfir hásumarið og þrisvar í viku utan þess tíma. Flugtíminn er 30 mínútur frá Akureyrarflugvelli og stoppið er 1,5 klst.

Umferð bifreiða

Umferð í Grímsey er aðallega til og frá bryggjukantinum þar sem ferjan hefur sína aðstöðu.

Stígakerfið

Ekki er gert ráð fyrir skilgreindum stofn- og tengistígum eða reiðstígum í Grímsey. Þess í stað teljast allar götur innan þéttbýlis vera almennir stígar þar sem gangandi og hjólandi vegfarendur hafa forgang á aðra umferð.

Útivistarstígar

Tiltölulega stórt net útivistarleiða er um eyjuna þar sem hægt er að velja um nokkrar stikaðar slóðir. Lengsta leiðin liggur umhverfis eyjuna en auk þess er ferðamönnum bent á þrjár aðrar leiðir sem liggja um norðurhluta, miðbik og suðurhluta Grímseyjar.

Ein gönguleiðin liggur umhverfis eyjuna, ferðatíminn er um 4 klst. og stikurnar á leiðinni eru rauðar og grænar. Frá höfninni liggur leiðin til norðurs í átt að flugstöðinni og yfir heimskautsbauginn

og þaðan eftir vegslóða meðfram björgunum við Bäsavík. Mikilvægt er að gæta þess að fara ekki of nærri brúninni sem oft er sundurgráfin af lunda. Komið er út á Eyjarfót nyrsta oddi Grímseyjar. Þá er gengið til suðurs með bjargbrúninni að austanverðu. Þar eru fuglabjörg sem tilheyra tilteknum jörðum á eyjunni og nýtt eru til eggjatöku. Þegar komið er að vitanum við Grenivík er haldið þvert yfir eyjuna að svæði með miklu stuðlabergi og þaðan í átt að þorpinu er haldið upp á veg við bæinn Borgir. Gengið er að höfninni, framhjá Miðgarðakirkju og kirkjugarðinum sem vert er að skoða.

Grímsey norðan Bása og Handfestargjár, ásamt öllum fuglabjörgum á austurhluta eyjunnar suður af Flesjum, eru á náttúruminjaskrá vegna mikillar og sértæðar sjófuglabýggðar.

Áherslur aðalskipulagsins eru þær að byggðar skulu upp þéttar og greiðar útivistarleiðir fyrir gangandi og hjólandi og að íbúum og ferðamönnum verði tryggð fjölbreytt aðstaða til útiveru og náttúruskoðunar. Á þeim svæðum skal gera ráð fyrir merkingum og góðu aðgengi eftir því sem aðstæður leyfa.

Einnig er mikilvægt að bæta gönguleiðir þar sem hægt er t.d. með þrílum/stigum yfir girðingar, uppsetningu varðúðarskilta við bjargbrúnir og að byggja upp betri aðstöðu fyrir fuglaskoðunarfólk.

Vistgötur


Malbikaðir vegir eru í þéttbýlinu en malarvegir utan þess. Gangstéttar eru ekki meðfram götum Grímseyjar og því eru þær einnig nýttar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Til að auka öryggi gangandi vegfarenda er stefnt að því að allar húsagötur í þéttbýlinu verði skilgreindar sem vistgötur með 10 km/klst hámarkshraða. Hámarkshraði á öðrum götum og vegum er 30 km /klst.

Fjallahjólaferðir

Grímsey þykir henta vel fyrir ferðir á fjallahjólum þar sem landslagið er þægilegt yfirferðar og með fjölmargar slóðir, stíga og vegi. Slóðirnar eru helst að finna á austanverðri eyjunni en stígarnir á vestari hluta hennar.

Deiliskipulagsgerð

Unnið er að gerð deiliskipulags sem tekur yfir alla Grímsey. Þar verður m.a. nánari skilgreining á fyrirkomulagi gatnakerfis, bílastæða, göngustíga, útivistar- og almenningsvæða. Skipulagið verður í samræmi við gildandi aðalskipulag Akureyrar en þar er m.a. lögð áhersla á að stuðla að aðlaðandi og vel skipulögðu umhverfi, byggja upp þéttar og greiðar gönguleiðir svo að jafnaði sé auðvelt að komast gangandi eða hjólandi um hverfin og út í náttúruna.



Mynd 31.32

Stigakerfi Grímseyjar

- Vegir og götur
Gangandi og hjólandi
vegfarendur hafa forgang
- Útivistarstígar

STÍGAKERFIÐ

SKILVIRKAR LEIÐIR

Stígakerfið þarf að vera skilvirkt, öruggt og aðlaðandi svo það verði raunhæfur valkostur fyrir íbúa. Kerfið tengir saman byggðina og nærumhverfi og er byggt upp sem heildrænt net mismunandi stígagerða. Huga þarf að því að styrkja tengingar milli hverfa svo sem á milli Oddeyrar og miðbæjar og Giljahverfis og Brekku og tryggja aðgengi að skólum, stofnunum og þjónustusvæðum.

Síðustu ár hefur Akureyrarbær byggt upp stíga fyrir blandaða umferð gangandi og hjólandi vegfarenda. Fyrirséð er að með aukinni notkun stíganna og breyttum samgönguháttum verði meiri þörf á aðskildum göngu- og hjólaleiðum.

Huga þarf að því að umhverfi stíganna sé aðlaðandi og þeir séu breiðir til að skapa gott flæði fyrir vegfarendur þannig að þar geti fólk hjólað, gengið samferða og mætt öðrum vegfarendum. Stígarnir eiga jafnframt að vera vel merktir svo auðvelt verði fyrir alla að rata um bæinn.

Skjólríkir og greiðfærir stígar

Byggja þarf upp skilvirkt kerfi stofn- og tengistíga með reglubundinni þjónustu svo íbúar geti að lágmarki teyst á eina greiðfæra stofnleið í sínu hverfi. Mikilvægt er að umhverfi stíganna veiti skjól fyrir veðrum, svifryki og umferðarhávaða. Stígarnir verða einnig að vera lausir við erfiðar hindranir og öngstræti.

Gengið og hjólað í skóla

Áhersla er lögð á að hvetja börn til að ganga eða hjóla í skóla og sérstaklega ef skólar eru innan hverfis. Á skólalóðum skal vera góð aðstaða til að geyma hjól í sérstökum skýlum eða hjólstæðum.

Algennt er að foreldrar kjósi að keyra börn sín í skóla vegna þess hve umferðin getur verið mikil í nærumhverfi skólanna en það eykur enn meir á umferðarhættu við skólalóðir. Athuganir hafa sýnt fram á að gott aðgengi bifreiða að skólalóðum



Mynd 31.33

Huga þarf að því að umhverfi stíganna sé aðlaðandi og þeir séu breiðir til að skapa gott flæði fyrir vegfarendur.



dregur úr umferð gangandi og hjólandi vegfarenda. Ef skólabörn þurfa að fara yfir umferðarþungar götur á leið til skóla þá minnkar það viljann til að ganga eða hjóla í skólann. Breiðir og upplýstir stígar með reglubundna þjónustu eru því mikilvægir fyrir gott aðgengi skólabarna frá heimili að skóla. Akureyrarbær hefur verið í samvinnu við Vegagerðina um aðgerðir til að bæta öryggi á helstu umferðaræðum og hefur látið vinna skýrslu um umferðaröryggi við skóla sem verður grundvöllur aðgerða til úrbóta.

Almenningssamgöngur


Stígakerfið og kerfi strætisvagna mynda saman öflugt umferðakerfi. Biðstöðvar ættu að því að vera staðsettar við stofn- og tengistíga til að tryggja flæði notenda til og frá stöðvunum. Við biðstöðvar væri æskilegt að gera ráð fyrir hjólastæðum og skjólgóðum biðskýlum. Fjarlægð á milli biðstöðva má helst ekki vera lengra

en 400 metrar, eða frá upphafsstað ferðar að biðstöð. Tímabil og tíðni ferða og skilvirkar leiðir skipta meginmáli varðandi nýtingu vagnanna. Leiðarlýsingar og tímatöflur þurfa að vera skýrar og aðgengilegar á biðstöðvum og á netinu.

Aðgengi að verslunum og þjónustu

Öruggar og skilvirkar leiðir að verslunum og þjónustustofnunum eru mikilvægir þættir fyrir mannlíf og aðgengi allra.

Tryggja þarf aðgengi með góðum stígum að verslunar- og þjónustusvæðum og þannig koma í veg fyrir að vegfarendur þurfi að ganga yfir bílastæði eða eftir krókaleiðum til að komast að aðalinnngangi verslana.



Mynd 31.34

Gangandi og hjólandi vegfarendur skulu hafa forgang á stíga gagnvart innkeyrslum.



Mynd 31.35

Gangandi og hjólandi vegfarendur eiga rétt á heilsusamlegu og hættulitlu umhverfi.

ÖRUGGAR LEIÐIR

Gangandi og hjólandi vegfarendur eiga rétt á öruggu og heilsusamlegu umhverfi. Því þarf að staðsetja stíga í hæfilegri fjarlægð frá mengun og hávaða akbrauta ásamt því að tryggja öruggar leiðir yfir gatnamót.

Yfirborð stíga þarf að vera með góðri klæðningu sem er slétt og laust við misfellur. Dældir við niðurföll, skakkar hellur og rof í malbiki getur skapað hættu fyrir vegfarendur en fyrir utan bein óþægindi og fallhættu þá getur þar safnast saman vatn og klaki og myndað varasama hálkubletti. Við hönnun þarf að huga vel að afvötnun stíga og ávallt kanna hvort upphitun sé valkostur.

Gatnamót

Þar sem stofnstígar þvera stofn- og tengibrautir, eða þar sem óvarðir vegfarendur þurfa að fara yfir tvær eða fleiri akreinar úr sömu átt skal gera ráð fyrir gangbrautarljósum, draga úr hraða

bifreiða og þrengja að þeim með öðrum hætti. Þar sem þessum aðgerðum er ekki við komið þarf að gera ráð fyrir vel upplýstum og breiðum undirgöngum. Ef ekki er hægt að koma fyrir undirgöngum er göngu- og hjólabrú síðasti kostur. Þó skal ávallt fyrst kanna þá leið að láta bifreiðar fara um undirgöng eða yfir brýr en láta gangandi vegfarendur eftir að ferðast um á jafnsléttu í stað þess að þurfa að leggja krók á leið sína til að greiða fyrir umferð bifreiða.

Þar sem er 30 km/klst hámarkshraði bifreiða á að leitast við að hafa göngu- og hjólaleiðir án hæðarbreytinga yfir gatnamót þ.e. upphækkaðar gagnvart akbrautum. Þá eiga gangandi og hjólandi vegfarendur að hafa forgang gagnvart innkeyrslum.

Mengun og hávaði

Einn af rauðu þráðunum í aðalskipulagi Akureyrar er uppbygging á öruggum

göngu- og hjólaleiðum fjarri mengun og hávaða. Þar sem stígar liggja nærri umferðarmiklum götum þarf því að athuga hvort hægt sé að færa þá fjærri akbrautunum og skapa þannig um leið svæði fyrir ofanvatnslausnir með trjám og gróðri milli stígs og götu. Gróður veitir skjól og mildar jafnframt ásýnd götuumhverfisins, getur dregið úr hávaða, bætt loftgæði og hefur jákvæð áhrif á upplifun vegfarenda.


Fylgjast skal vel með hljóðvist og loftgæðum við helstu umferðaræðar til að tryggja vellíðan notenda stíganna. Upplýsingar um magn svifryks í andrúmslofti skal vera aðgengilegt á rauntíma hverju sinni á vef bæjarins.

Niðurstöður úr hávaðamælingum og aðgerðaráætlun skal hafa til hliðsjónar við deiliskipulagsgerð.



Mynd 31.36

Umhverfi sem er fyrst og fremst hannað fyrir bifreiðar getur reynst afar óvistlegt og hættulegt öðrum vegfarendum.



Mynd 31.37

Góðir áningarstaðir og þægileg lýsing hjálpa til við að gera leiðirnar aðlaðandi.

AÐLAÐANDI LEIÐIR

Hér í köflunum á undan hefur verið fjallað um skilvirka og örugga stíga en til að notkun þeirra verði almenn og hluti af daglegu lífi bæjarbúa þurfa leiðirnar einnig að vera aðlaðandi og draga til sín notendur. Hér eru talin upp atriði sem stuðla að aukinni notkun stíganna og gera þá eftirsóknarverða.

Fjölmargar athuganir hafa sýnt að fólk forðast almennt að ganga lengri leiðir en 400-500 metra í hverri ferð. Sú fjarlægð getur virkað mjög löng þegar stígar eru beinir og umhverfi þeirra tilbreytingasnautt. Að sama skapi getur leiðin virst stutt sé henni skipti í áfanga og rýmið haft fjölbreytt og tengt mannlífi og þjónustu.

Hjólreiðafólk á auðveldara með að fara lengri ferðir og vílar jafnvel ekki fyrir sér að hjóla Akureyri þvera og endilanga séu stígarnir vel skipulagðir og notkun þeirra ánægjuleg.

Fjölbreytt og hlýlegt umhverfi

Mikilvægt er að megin göngu- og hjóla-leiðir liggja um fjölbreytt svæði, upp að framhliðum húsa og inngöngum og þar sem fólk er á ferli. Þá þarf að forðast að leggja stofn- og tengistíga um víðáttumikil og fámenn svæði en velja þess í stað jaðarmót tveggja ólíkra svæða til að tengja byggðina og hámarka gæði umhverfisins. Dæmi um jarðarmót tveggja svæða geta verið mörkin á milli íbúðahverfis og útivistar eða t.d. mörkin á milli íbúðahverfis og athafnasvæðis.

Félagsleg tengsl

Að ferðast um stíga er félagsleg athöfn svo lengi sem tvær manneskjur eru staddar í sama rými á sama tíma þó það felist jafnvel bara í því sjá aðra og mæta á förnum vegi.

Eitt af leiðarljósum í skipulagi Akureyrarbæjar er að láta farveg gangandi

og hjólandi vegfarenda liggja um skjólrík og aðlaðandi svæði þar sem umferð er hæg og fjölbreytt, þar sem mannlíf er mikið og sýnilegt. Góðir áningarstaðir og þægileg lýsing hjálpa til við að gera leiðirnar aðlaðandi. Stofnstígar þurfa þannig að tengja saman með rökréttum hætti helstu íbúðarhverfi, vinnustaði, samkomustaði og önnur þau svæði sem tengjast verslun og mannlífi í Akureyrarbæ.

Annað atriði sem gott er að hafa í huga við skipulag svæða er að gera ekki ráð fyrir mörgum og breiðum stígum fyrir fátt fólk og dreifða þjónustu. Breiðar göngugötur og stór torg geta t.a.m. skapað óþarfa fjarlægð milli fólks. Betra er að safna notendum saman á minni svæði í manneskjulegum mælikvarða og í samræmi við áætlaðan fjölda notenda.



Mynd 31.38

Að ferðast um stíga er í aðra röndina félagsleg athöfn.

GANGANDI VEGFARENDUR

Almenn atriði

Stefna Akureyrarbæjar er að auka hlutdeild gangandi vegfarenda allan ársins hring með því að setja gangandi vegfarendur í forgang í skipulagi bæjarins. Ganga er einfaldasta form umferðar og um leið náttúrulegasti og vistvænasti samgöngukosturinn. Allt í sambandi við aukna göngu bæjarbúa hefur jákvæð áhrif á bæjarlífið. Ganga stuðlar að betri líkamlegri og andlegri heilsu, mengar ekki, tekur lítið landrymi, lífgar upp á mannlífið, sparar íbúum og bæjarsjóði háar fjárhæðir, veitir íbúum jafnari aðgang að bænum óháð aldri og efnahag og þannig mætti lengi telja.

Gönguleiðir

Gangandi vegfarendur eru lögmætir notendur samgöngukerfisins og hafa rétt á að nota það með öruggum og greiðum hætti enda liggja óteljandi stígar og slóðir um bæjarlandið. Í raun er leyfilegt að ganga um öll svæði sem ekki eru einkalóðir bæjarbúa eða umferðarkerfi eingöngu ætluð bifreiðum, hestamönnum eða reiðhjólum. Almennungi er heimilt samkvæmt lögum að ganga um óræktað land, eftir ströndum og vatnsbökkum þó þar séu ekki skipulagðir stígar. Nánar er fjallað um þessi atriði í kaflanum um útivistarleiðir.

Ólíkt öðrum hópum vegfarenda eiga gangandi vegfarendur ekki aðild að hagsmunasamtökum sem tala fyrir þeirra hönd. Þetta er sá hópur sem stundum er skilgreindur sem „allir hinir“.

Gangandi vegfarendur sitja því stundum á hakanum þegar kemur að skipulagi umferðarmannvirkja þó svo að ganga sé án efa hagkvæmasti samgöngumátinn, hvernig sem á það er lítið.


Helstu áskoranir gangandi vegfarenda eru hindranir og auknar vegalengdir vegna umferðarmannvirkja, s.s. breiðar götur, hættuleg gatnamót og stór bílastæði. Aðrar hindranir sem tengjast gatnakerfinu eru t.d. snjóruðningar, skjólleysi, fábreytt umhverfi, hávaði og mengun. Fjölga þarf vistgötum í Akureyrarbæ þar sem gangandi vegfarendur eru í forgangi og hámarkshraði umferðar er 10 km/klst.

Samkvæmt 15. gr. umferðarlaga skulu gangandi vegfarendur nota gangstétt eða göngustíg. Vegöxl, hjólastíg og ak-

braut má nota ef gangstétt eða göngustígur er ekki til staðar eða ófær. Eftir vegöxl, hjólastíg eða akbraut skal að jafnaði gengið við vinstri vegarbrún miðað við gönguátt og ekki fleiri en tveir samhliða. Ef gangandi vegfarandi leiðir reiðhjól eða létt bifhjól skal hann að jafnaði ganga við hægri vegarbrún. Hann má þó nota gagnstæða vegarbrún ef hann væri annars í hættu eða sérstakar aðstæður mæla með því.

Aðgengi fyrir alla

Sérstaka áherslu skal leggja á algilda hönnun svo hreyfihamlaðir eigi einnig greiða leið um stígakerfið. Varast skal að nota gróf eða hrjúf yfirborðsefni sem geta hindrað umferð notenda hjólastóla og þeirra sem nota t.d. göngugrind eða þreifistafi.





Mynd 31.39

Í vistgötu er heimilt að dvelja við leik og störf og þar skal ökumaður sýna gangandi sérstaka tillitssemi og vijkja.

Athuganir hafa sýnt fram á að tröppur geta verið mikill farartálmi fyrir eldri borgara, fólk með skerta hreyfingu, hjólréiðamenn og fólk með barnavagna. Skortur á dvalarsvæðum og aðallega bekkjum til að setjast niður getur dregið úr göngu eldri borgara. Að lokum má nefna að gangbrautarljós sem loka of stutt til að viðkomandi nái yfir götu á tilsettum tíma getur verið farartálmi fyrir vegfarendur.

Mannlíf

Ákjósanlegt er að gönguleið stofnstíga liggja um vistgötur eða aðrar rólegar miðbæjargötur því leitast skal við að leiða fólk um fjölfarin og þjónusturík svæði þar sem umferð er hæg. Þá þarf hjólréiðafólk jafnframt að hafa kost á öðrum farvegi þó það geti að sjálfsögðu hjólað á gönguhraða eða leitt hjólið eftir

vistgötunni. Þegar göngu- og hjólaleiðir eru aðskildar fylgja þær samt sem áður sömu stofnleið.

Breidd göngusvæðis í vistgötu er jafnt götunni en þar er umferð gangandi, hjólandi, akandi og almenningsvagna blönduð með 10 km/klst hámarkshraða. Yfirborðsefni getur verið af ýmsum toga s.s. steipt stétt, malbik eða hellulögn.

Aukin umferð gangandi vegfarenda stuðlar að meiri félagslegum gæðum á stígum og hjápar til við að tengja fólk við umhverfi sitt. Tilfinning fyrir einangrun getur minnkað og fólk finnur gjarnan sterkar fyrir því að það tilheyrir samfélagi.

Góð bæjarrými eru svæði þar sem...

- ...mannlíf er til staðar
- ...gatan snýr vel við sól og veitir skjól
- ...aðgengi er fyrir alla
- ...hugað er að góðum stígum
- ...framhliðar húsa snúa að götu
- ...gatan er skilgreind sem almannarými,
- ...gróður og götugögn eru til staðar
- ...umferðarhraði er takmarkaður
- ...bílastæði eru samsíða götu
- ...jafnvægi í fjarlægðum milli framhliða, stærðar einkalóða og breidd gatna

MARKMIÐ OG LEIÐIR

Auka skal hlutdeild gangandi vegfarenda allan ársins hring.

Til að ná því markmiði þarf að setja gangandi vegfarendur í forgang í allri skipulagsgerð og byggja upp skilvirkt öruggt og aðlaðandi stígakerfi.

Stefnt skal að fjölgun vistgatna.



HJÓLANDI VEGFARENDUR

Almenn atriði

Stofnstígakerfi hjólreiða þarf að vera greiðfarið, öruggt og aðlaðandi. Hjólaleiðir á stofnstígum verða tvístefnustígar og mynda samgöngunet með 500-750 metra möskvastærð.

Hönnun gatnamóta þarf að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til hönnunar á hjólastígum hvort sem um er að ræða tvístefnu eða einstefnu stíga. Einnig þarf að huga sérstaklega að öryggismálum varðandi samliggjandi bílastæði við hjólastíga og innkeyrslur og fækka hvoru tveggja þar sem kostur er.

Hvar má hjóla?

Hjólreiðamönnum er heimilt að hjóla á gangstétt og göngustíg ef það veldur ekki gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum og sveitarstjórn hefur ekki sérstaklega lagt bann við því. Þar þarf hjólreiðamaður engu að síður að víkja fyrir gangandi vegfarendum, sýna þeim ýrtruðu varkárni og gefa hljóðmerki. Á göngugötum eða vistgötum þarf hjólreiðamaður að sýna sérstaka tillitssemi en ekki er heimilt að fara hraðar en almennur gönguhraði.

Samkvæmt umferðarlögum mega létt bifhjól í flokki I ferðast um gangstéttar, göngustíga og göngugötur en þá gilda sömu reglur og fyrir reiðhjól. Hjólreiðamaður skal skv. umferðarlögum að jafnaði hjóla í akstursstefnu á hjólastíg, hjólarein eða hægra megin á akrein þeirri sem lengst er til hægri á akbraut sem ætluð er almennri umferð, eins og segir í lögnum.

Blandaðir stígar

Líklegt er að árekstrar milli gangandi og hjólandi komi til með að aukast á næstu árum með aukinni notkun stígakerfisins. Því er mikilvægt að hver umferðarmáti ferðist eftir eigin leiðum eins og kostur er. Stígur með blandaðri umferð ætti ekki að vera hluti stofnleiða nema sem tímabundin lausn þar sem umferð er tiltölulega lítil. Þegar hjólað er á blönduðum stíg þá er öll umferð að forsendum gangandi.

Sérhannaðir hjólastígar auka notkunarmöguleika og öryggi í stígakerfinu. Stefna bæjarins er að byggja upp sjálfstætt hjólastígakerfi en aukning hjólanotkunar sem samgöngumáta getur til lengri tíma

litið sparað bæjarfélaginu fjármuni í uppbyggingu innviða.

Um er að ræða nýtt umferðarkerfi sem þarf að koma fyrir innan um þær götur og stíga sem fyrir eru. Til að áætlun um þá uppbyggingu verði raunhæf þarf að setja fram heildræna framtíðarsýn og vinna stöðugt í átt að henni m.a. þegar unnið er við nýframkvæmdir og lagfæringar á eldri götum.

Aðskilin umferð


Stefna Akureyrarbæjar er að byggja upp núverandi kerfi blandaðra tvístefnustíga þannig að þeir henti sífellt betur umferð hjóla. Fyrst í stað byggist umferðin á góðri sambúð gangandi og hjólandi vegfarenda þar sem almenn hægri umferð gildir og hjólandi ber að víkja fyrir gangandi. Með tímanum og með nýjum stígum fjölgar þeim hjólaleiðum sem eru aðskildar frá annarri umferð. Markmið skipulagsins er að allir stofnstígar innan þéttbýlis Akureyrar verði byggðir upp sem C gerð stofnstíga þar sem umferð gangandi og hjólandi vegfarenda er aðskilin.

Töluverð viðhorfsbreyting hefur átt sér stað síðustu árin í huga almennings

varðandi hjólreiðar og á sama tíma hafa orðið miklar tæknilegar framfarir á hjólabúnaði. Sífelld algengara er að sjá t.d. rafknúin hjól af ýmsum toga, hjól með hjálparmótor (0,25 kW) og hjól á nagladekkjum fara upp bröttustu brekkur bæjarins í fljúgandi hálfu. Rafmagnshjól og betri útbúnaður gerir þannig fleirum fært að hjóla á stígum og götum Akureyrar. Útlit og stærð reiðhjóla er annars afar fjölbreytt og á stígum bæjarins má t.d. sjá hjólavagna með sæti fyrir börn eða vörur.

Hjólástígar fyrir alla

Hjólreiðar eru ódýr og yfirleitt þægilegur ferðamáti sem gerir íbúum mögulegt að komast tiltölulega hratt á milli viðkomustaða. Þar sem vegalengdir eru stuttar getur verið fljótlegra að fara um á hjóli í stað þess að nota einkabílinn og lenda þá jafnvel í vandræðum með bílastæði. Hjólreiðamenn eru ólíkir hópar notenda sem fara mishratt yfir. Þeir geta verið ungir og sprækir eða gamlir og hægir, með fulla eða litla hreyfigetu og svo framvegis. Uppbygging hjólaleiða þarf því að miðast við lausnir sem rúmar þessa ólíku notendahópa.



Mynd 31.41

Til lengri tíma litið sparað hjólreiðafólk bæjarfélaginu mikla fjármuni í uppbyggingu innviða og hefur rétt á því að ferðast eftir sérhönnuðum leiðum líkt og aðrir vegfarendur.



Mynd 31.42

Stígaskipulagið gerir ráð fyrir notendum af öllum aldurshópum og mismunandi getustigi og því er ekki gert ráð fyrir að byggja upp hjólaleiðir fyrir almenning á umferðargötum.

Hámarkshraði

Miða skal við 25 km/klst hámarkshraða á hjólastígum við bestu aðstæður en lægri í íbúðarhverfum og á miðbæjarsvæði en á vistgötum er hámarkshraði 10 km/klst.

Hjól að með bílum

Stígaskipulagið gerir ráð fyrir notendum af öllum aldurshópum og mismunandi getustigi og því er ekki gert ráð fyrir að byggja upp hjólaleiðir fyrir almenning á umferðargötum. Hins vegar er möguleiki á að útbúa hjólareinar á ákveðnum götum þar sem umferð er hæg eða lítil eða sem tímabundna lausn þar til búið er að framkvæma nýja stíga. Í götum þar sem hámarkshraði er 30 km/klst má hjólreiðamaður hjóla á miðri akrein enda gæti hann fyllsta öryggis. Alltaf er einhver hluti hjólreiðamanna sem vill komast hratt á milli staða og þá er sá kostur að hendi að hjóla með umferð á götum bæjarins. Reiðhjól hafa sama rétt og önnur ökutæki á götunum en jafnframt sömu skyldur og verða því að virða hámarkshraða gatna. Börn yngri en 9 ára mega samkvæmt umferðarlögum ekki hjóla á akbraut nema undir leiðsögn og eftirliti forráðamanns sem náð hefur 15 ára aldri.

Hjólastæði

Mikilvægt er að fjölga hjólastæðum og viðgerðarstöndum víðsvegar í bænum og bæta aðgengi og aðstöðu við skóla, verslanir og þjónustustofnanir. Á hjólastæðum skal nota hjólaboga eða annan viðurkenndan búnað. Fjöldi hjólastæða miðar við að 25% af fjölda nemenda eða starfsmanna sem vinna í viðkomandi byggingu og skal helmingur þeirra stæða vera í yfirbyggðum hjóla-skýlum.

Fjölga skal hjólastæðum við verslunar-skjarna, í miðbæ og við helstu biðstöðvar strætisvagna. Fyrirtæki eru jafnframt hvött til að fjölga hjólastæðum og semja við starfsfólk um að nýta hjól fyrir samgöngur eða aðrar vistvænar samgönguleiðir. Reynsla frá erlendum borgum og bæjum hefur sýnt fram á að verslun hefur aukist töluvert þar sem er gott aðgengi fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur. Þess má geta að hjól taka minna pláss í bæjarrýminu en bílar gera, enda samsvarar eitt bílastæði jafnstóru svæði og hjólastæði fyrir tólf reiðhjól.

Brekkurnar

Brattar brekkur í þéttbýlinu geta verið nokkur farartálmi fyrir hjólandi fólk enda er hæðarmunur milli neðstu íbúðahverfa

og efstu um 100 metrar. Góður búnaður getur þó auðveldað för enda velja sífellt fleiri að ferðast um á rafmagnshjólum og negldum vetrardekkjum. Stefnt er að því að minnka halla á bröttustu hjólaleiðum innanbæjar úr 12% halla niður í um 8% með breyttum leiðum og útfærslum. Hjólastígar í bröttum brekkum skulu vera breiðir og með áningarstöðum á miðri leið til að auðvelda ferð hjólreiðafólks upp brattann.

Raunhæfir stígar

Skipulag hjólaleiða á Akureyri þarf að taka mið af því landslagi, umhverfi og verðurfari sem einkennir bæjarfélagið. Mikilvægt er að allir eigi jafnt aðgengi og rétt á að nota stígana og gera þarf ráð fyrir notendum af öllum aldurshópum og mismunandi getustigi.

Byggja skal upp skilvirkar, öruggar og aðlaðandi hjólaleiðir sem fjölbreyttur hópur notenda getur hjólað um. Hér er átt við almenna bæjarbúa, börn á leið í skóla og frístundastarf og fólk á öllum aldri í allskyns líkamlegu formi. Hjólastígarnir henta síður fyrir þá notendur sem vilja fara mjög hratt yfir en sú umferð á líklega betur heima með öðrum ökutækjum á akbrautum.

Skilvirkar hjólaleiðir

Til að hjólaleiðir um Akureyrarbæ verði að raunhæfum kosti fyrir almenna íbúa og gesti þurfa stígarnir að mynda sitt eigið samgöngukerfi með reglubundnu viðhaldi og þjónustu árið um kring.

Á veturna er mikilvægt að stígar séu vel merktir og með góða lýsingu þar sem skilin á mill akbrauta og stíga verða oft óljós vegna snjóalags. Víða erlendis hafa stígar verið merktir með lituðu yfirborði til að gera umferð hjólanna sýnilegri. Hjólavísar og hjólareinar eru einnig algengar útfærslur en merkingar á malbiki henta síður á götum Akureyrar yfir vetrartímann.


Öruggar hjólaleiðir

Hjólaleiðir þurfa að vera í hæfilegri fjarlægð frá akbrautum til að stuðla að öryggi hjólandi vegfarenda, hlífa þeim fyrir hávaða, svifryksmengun og öðrum óþægindum frá umferð. Þar sem hjólaleiðir liggja um græn svæði er auðvelt að ná því markmiði en þar sem göturýmið er þrengra skal aðlaga stígana og vinna að því að draga eftir fremsta megni úr neikvæðum áhrifum.

Við hönnun hjólastíga þarf einnig að taka mið af sjónlínunum, hæðarmun, þverunum yfir gatnamót, beygjuradíusum, lýsingu, yfirborðsefnum og öryggissvæðum umhverfis stíganna.

Aðlaðandi hjólaleiðir

Farþegi í bíl upplifir götuumhverfið á annan hátt en reiðhjólamaður á ferð í göturýminu. Ef notkun reiðhjóla á að verða almennur samgöngukostur þá verður að huga vel að nærumhverfi hjólanna. Hjólaleiðir þurfa að vera fjölbreyttar, áhugaverðar og skjólsælar og liggja með rökréttum hætti um helstu áfangastaði bæjarins. Bætt aðgengi hjólaafólks um Akureyrarbæ er ekki ætlað að ganga á réttindi þeirra sem nota einkabílinn en það er þó ljóst að gera þarf fjölmargar málamiðlanir við innleiðingu á nýju umferðarkerfi. Því má þó ekki gleyma að notendahópurinn er sá sami, hinn almenni bæjarbúi.



Mynd 31.43

Þær eru afar ólíkar aðstæðurnar sem ökumenn bifreiða og hjólreiðafólk býr við í umferðinni.



Mynd 31.44

Borgin Oulu í Finnlandi er þekkt fyrir að standa framarlega í vetrarhjólreiðum. Þar eru stígarnir hvítir yfir vetrartímann en þjónusta við þá er mjög mikil.

Tvístefnustígar


Almennt má segja að skiptar skoðanir eru á því hvort betra sé að byggja upp kerfi tvístefnustíga eða einstefnustíga en það fer að miklu leyti eftir umhverfi og aðstæðum á hverjum stað enda hafa kerfin mismunandi eiginleika. Tvístefnustígar eru með tvær akreinar fyrir báðar áttir en einstefnustígar fylgja akstur stefnu bílaumferðar og eru beggja megin götu. Kostir tvístefnukerfisins eru að stígarnir eru hannaðir sem sjálfstætt umferðarkerfi og með uppbyggingu þeirra eignast hjólreiðafólk sitt eigið samgöngukerfi.

Skipulag hjólastíga í þéttbýli Akureyrar byggir á tvístefnustígum. Gert er ráð fyrir því að meðfram stofnleiðum stígakkerfisins verði hjólastígar með tvístefnu byggðir upp. Þá skal fylgja markmiðum Akureyrarbæjar um að byggja upp skilvirkt, öruggt og aðlaðandi stígakkerfi fyrir hjólreiðafólk. Hjólastígar skulu byggðir sem sjálfstætt kerfi en ekki á forsendum bílaumferðar.

Við uppbyggingu hjólastíga við aðrar götur en stofn- og tengibrautir svo sem á

miðbæjarsvæðinu og í húsagötum verða kostir einstefnu hjólastíga metnir í hverju tilfalli. Reynsla frá öðrum bæjum hefur þó sýnt að íbúar hafa tilhneigingu til að hjóla í báðar áttir eftir einstefnustígum og því geta þeir stígar skapað falskt öryggi. Mikilvægt er því að taka frá pláss í götunni fyrir framtíðaruppbyggingu tvístefnustíga og gera má ráð fyrir að stundum þurfi að fórna bílastæðum til að koma hjólastígum fyrir.

Á stofnleiðum, um opin svæði og þar sem aðstæður leyfa skulu hjólastígar vera með tvístefnu. Við uppbyggingu tvístefnukerfis skal vanda vel til verka og fylgja hönnunarreglum um tvístefnustíga. Gatnamót við stofnstíga ættu almennt að vera ljósastýrð en aðeins liggja um hringtorg að mjög vel ígrunduðu máli. Helstu áskoranir við tvístefnustíga er að huga þarf sérstaklega að öryggissjónarmiðum við hönnun á útfærslum við stígamót, gatnamót og innkeyrslur. Þá skulu merkingar og skilti vera áberandi og gefa til kynna að um er að ræða stíga með tvístefnu hjólaumferð.



Mynd 31.45

Hjólástígur með tvístefnu, öðru megin við götu.



Mynd 31.46

Hjólástígar með einstefnu umferð, beggja megin við götu.

HJÓLASTÍGAR

Kostir tvístefnukerfis

- Hönnun tvístefnustíga ekki bundin við gatnahönnun bifreiða
- Hjólreiðafólk eignast sitt eigið umferðarkerfi
- Ekki þarf að þvera götur til að snúa við og hjóla í hina áttina
- Tvístefnustígur tekur minna pláss heldur en tveir einstefnustígar
- Minna umhverfisrask ef græn svæði eru öðru megin við götustæðið

Kostir einstefnukerfis

- Hönnun einstefnustíga fylgir almennri umferð bifreiða, hönnun gatnamóta einfaldari
- Stígarnir liggja beggja vegna götunnar og ekki þarf að huga eins mikið að öryggismálum við innkeyrslur eins og við tvístefnustíga

MARKMIÐ OG LEIÐIR

Auka skal hlutdeild samgönguhjólreiða hjá Akureyrarbæ

Til að ná því markmiði þarf að byggja upp skilvirkar, öruggar og aðlaðandi hjólaleiðir. Stefnt skal að því að byggja a.m.k. 500-1000 metra af stígum ár hvert. Þá skulu hjólaleiðir á stofnstígum hafa sambærilega vetrarþjónustu og tengibrautir bifreiða.

Fjölga skal hjólastæðum við skóla, í miðbæ, við verslunarkjarna og þjónustustofnanir. Fjöldi stæða skal miða við 25% af fjölda nemenda eða starfsfólks, þar af verður helmingur yfirbyggður. Hvetja skal fyrirtæki og stofnanir til að fjölga hjólstæðum og stuðla að hjólanotkun starfsmanna. Koma skal upp teljurum í bæjarlandinu til að fylgjast með umferð um stíganna.





Mynd 31.47

Blandaður stígur þar sem heimilt er að hjóla með því skilyrði að hjólreiðamenn taki fullt tillit til gangandi umferðar.

MERKINGAR STÍGA

Ákvarðanir um umferðarmerkingar og merkingar á stígum hafa færst í auknum mæli til sveitarstjórna, Vegagerðarinnar og Samgöngustofu eftir því sem við á. Sveitarstjórnnum er gefið visst frjálssræði í að merkja fyrir hvern hóp viðkomandi stígur er og því má gera ráð fyrir auknum kvöðum á Akureyrarbæ í að setja upp og viðhalda umferðarmerkjum.

Lögð skal áhersla á að greina ólíka hópa vegfarenda, réttindi þeirra og skyldur í umferðinni. Stígum skal gefa nöfn og númer til að merkja inn á vegvísa, kort á áningarstöðum, upplýsingabæklinga og kortavefi. Unnið skal eftir sama kerfi og númerakerfi íslenska vegakerfisins. Merkingar skulu vera skv. reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995.

Stofnstígar, megin útivistarstígar og reiðstígar skulu vera merktir með nafni og númeri. Helst skal gefa öllum stígum nafn sem fylgja ekki ákveðnum götum.

Á stofnstígum þar sem er blönduð umferð gangandi og hjólandi vegfarenda

gildir almenn hægri umferð og gagnkvæm tillitsemi. Setja þarf skilti við stígana sem sýna hvaða umferðarreglur gilda. Samkvæmt umferðarlögum eru gangandi vegfarendur þó ætíð í rétti á blönduðum stígum og hjólreiðamenn þurfa að sýna fulla tillitssemi. Umferð á stígum er í samræmi við reglur umferðarlagla.

Stefnt er að fullum aðskilnaði útivistar- og reiðstíga fyrir öryggi allra. Við stígamót útivistar- og reiðstíga skal setja upp viðvörun með skiltum og skulu allar merkingar vera skýrar og áberandi. Á útivistarsvæðum skal gera ráð fyrir skiltum með upplýsingum og yfirlitskorti af stígakerfinu.

Merkja skal þjóðleiðir og halda sögu þeirra til haga með upplýsingarskiltum. Jafnframt skal halda áfram að merkja, stika og varða helstu leiðir útivistastíga. Uppfæra skal kortaupplýsingar með skipulögðum hætti. Helstu merkingar á stígum eru sýndar hér á næstu blaðsíðu.



F30.11 Töfluvegvisir fyrir hjólreiðastíga

Merki fyrir stígamót. Merkja skal staðarheiti, stígnúmer og fjarlægð í km með 1 aukastaf, eftir því sem ástæða þykir til. Vísun beint áfram komi efst, því næst vísun til vinstri og neðst vísun til hægri.



C14.11 Gangstígur

Merki þetta má nota við stíga sem gangandi vegfarendur skulu nota en ekki aðrir. Um heimild til að hjóla á gangstíg fer eftir umferðarlögum.



C15.21 Aðgreindur gang- og hjólreiðastígur

Merki þetta má nota við aðgreinda stíga sem hvor um sig er með fullnægjandi breidd. Gönguhluti er til vinstri og hjólahluti til hægri.



C13.11 Hjólreiðastígur

Ætlaður reiðhjólum og bifhjólum í flokki I samkvæmt umferðarlögum. Hámarkshraði bifhjóla í flokki I er 25 km á klst.



C15.11 Gang- og hjólreiðastígur

Blönduð umferð á sameiginlegum stíg. Heimilt er að hjóla með því skilyrði að hjólreiðamenn taki fullt tillit til gangandi umferðar enda eru hjólin gestir á stígnum.



C16.11 Reiðvegur

Merki þetta má nota við vegi sem reiðmenn skulu nota en ekki aðrir.



Mynd 31.48
Merking fyrir reiðveg.

ÁNINGARSTAÐIR

Við stofn- og tengistíga

Möguleikar til að staldra við og fjarlægð milli áningarstaða hefur áhrif á notkun stíganna. Það á sérstaklega um eldri borgara og fólk sem á erfitt með gang. Gera skal ráð fyrir tveimur tegundum áningarstaða við stofn- og tengistíga eftir aðstæðum. Æskilegt er að miða við að litlir áningarstaðir séu á um 100-150 metra millibili við gönguleiðir en stórir áningarstaðir með um 1000-1500 m millibili við göngu- og hjólaleiðir.

Dæmi um ákjósanlega staðsetningu áningarstaðar er í gróðursælu umhverfi eða á svæði þar sem er áhugavert útsýni. Gera þarf ráð fyrir áningarstöðum í nálægð við verslun og þjónustu og í bæjarrýmum þar sem fólk kemur saman til að sinna ýmsum erindagjörðum. Við langar og brattar brekkur er æskilegt að hafa áningarstaði til að auðvelda aðgengi allra. Þar sem áningarstaðir eru við aðskildar göngu- og hjólaleiðir þá er aðstaðan höfð þeim megin sem göngustígurinn er eða jafnvel á milli þeirra.

Á útivistarsvæðum

Gera skal ráð fyrir áningarstöðum við útivistarstíga á um 500 metra fresti. Lágmarksbúnaður þar eru bekkir af ýmsu tagi, t.d. lautarbekkir eða aðrir náttúrulegir hlutir sem hægt er að nota til að setjast niður, s.s. stórt grjót og trjádrumbar. Þar skal einnig gera ráð fyrir upplýsingaskiltum, æfingatækjum og öðrum búnaði eftir atvikum.

Bekkir

Við götur eiga bekkir alla jafna að snúa að göngusvæðum og torgum þar sem mannlíf er. Á útivistarsvæðum skulu bekkir snúa að stíg eða fallegu útsýni og helst hvoru tveggja samtímis. Fyrir aftan bekki þarf að vera gróður eða veggur sem veitir öryggistilfinningu með því að ekki er auðvelt að koma aftan að fólki sem situr. Forðast skal sæti úr járn eða steypu og bekki án baks. Slíkir bekkir bjóða upp á mjög takmörkuð gæði, eru harðir, kaldir og of heitir eftir aðstæðum, óþægilegir fyrir bak og þjóna almennt séð ekki tilgangi sínum. Bekkir í bæjarumhverfi þurfa að vera þægilegir og helst með timbursæti sem styður vel við bak.

Litlir áningarstaðir

Lágmarksbúnaður er bekkur sem vegfarendur geta nýtt sér til að setjast niður. Annar búnaður gæti verið ruslabíða (ruslatunna) og hjólastandur.

Stórir áningarstaðir

Við hönnun stærri áningarstaða skal gera ráð fyrir að fólk staldri lengur við í litlum eða stórum hópum. Lágmarksbúnaður eru bekkir, ruslabíður, hjólastandur og upplýsingaskilti með yfirlitskorti af stígakerfinu og korti af áningarstaðnum sem sýnir 2-4 km nærumhverfi. Annar búnaður getur verið lautarborð og viðgerðarstandur fyrir reiðhjól.



Mynd 31.49

Lítill áningarstaður við göngustíg með bekk og ruslabiðu.



Mynd 31.50

Áningarstaður í miðbæjarumhverfi þar sem bekkir snúa að mannlífi.



Mynd 31.51

Stór áningarstaður með bekkjum og hjólastæðum við Drottningarbraut.

ÞJÓNUSTA OG LÝSING

Árstíðarbundin þjónusta

Þjónusta við stígakerfið er árstíðarbundin og fer eftir aðstæðum hverju sinni. Helsta þjónusta er snjómokstur, hálkuvörnir og sópun. Huga þarf vel að hálkuvörnum þar sem stígar liggja um brekkur og við umferðarpung eða hættuleg gatnamót.

Við hönnun og skipulag stígakerfisins er mikilvægt að gera ráð fyrir fyrirkomulagi snjómoksturs og sérstökum snjólosunarsvæðum. Einnig skal kanna möguleika á að hita upp einstaka stíga. Það kostar bæjarfélagið árlega mikla fjármuni að sinna snjómokstri og hálkuvörnum og því er mikilvægt að þjónusta við stígakerfið sé skilvirk og rétt forgangsörðuð. Íbúar skulu eiga möguleika að komast ferða sinna, t.d. í vinnu eða skóla á réttum tíma þótt fyrstu metrarnir í húsagötum séu ekki alltaf í forgangi. Nálgast má upplýsingar um forgang stíga og fyrirkomulag snjómoksturs á

kortavefsjá Akureyrarbæjar. Mikilvægt er að notendur stígakerfisins séu upplýstir um lokanir og hjáleiðir séu merktar.

Stofnstígar eru í forgangi þegar kemur að þjónustu en hún þarf að vera samþærileg og þjónusta við stofn- og tengibrautir. Stofnstígarnir eiga að tryggja að lágmarki eina greiðfæra leið úr hverju hverfi allan ársins hring.


Tengistígar eru næst á eftir stofnstígum í forgangi. Þetta á sérstaklega við um helstu göngu- og hjólaleiðir sem liggja að skólum, leikskólum, fjölbýlishúsum, biðstöðvum strætisvagna, um miðbæjar-svæðið og að helstu þjónustustofnunum, svo sem öldrunarheimilum.

Þjónusta á útivistarstígum fer eftir aðstæðum hverju sinni og í samráði við þarfir helstu notendur stíganna.



Mynd 31.52

Við hönnun og uppbyggingu stíga skal m.a. gera ráð fyrir snjómokstri og hálkuvörnum



Lýsing

Hlutverk lýsingar er að bæta umferðaröryggi, þægindi og upplifun vegfarenda. Almenn þarf að gera ráð fyrir lýsingu við stíga og áningarstaði í þéttbýlinu.

Miklar tækniframfarir hafa átt sér stað í ljósbúnaði og hefur töluverð endurskoðun verið varðandi götu- og stígalýsingu. Akureyrarbær hefur í samstarfi við Verkís unnið að ljósvistarskipulagi fyrir allt bæjarfélagið þar sem settar eru fram stefnur varðandi gæði lýsingar og leiðbeiningar um búnað fyrir einstök hverfi, við götur, stíga, gatnamót, gangbrautir, torg, listaverk og fleira. Helstu atriði sem þarf að hafa í huga varðandi lýsingu á stígum eru eftirfarandi:

Lýsing á stofn- og tengistígum skal vera með viðeigandi ljósmagni og jafndreifingu í samræmi við gildandi Ljósvistarskipulag Akureyrar. Huga skal að ljósgæðum þannig að lýsingin gefi rétta liti af umverfinu til að auka öryggisfinningu vegfarenda. Leggja

skal áherslu á lýsingu á gönguleiðum við skólabyggingar. Ráðlagt er að hafa sterka og áberandi lýsingu við gangbrautir og athuga þann möguleika að nota annan lit en lýsingu götunnar. Útivistarstígar skulu hafa lágstemmda ratlýsingu sem stuðlar að öryggi vegfarenda en hindrar ekki sýnileika næturhiminsins.

Í undirgöngum er mikill kostur ef hægt er að hleypa inn dagsbirtu t.d. með því að hafa göngin breið eða með op á þaki og minnka þannig birtumun innan og utan ganganna sem getur valdið óþægindum fyrir vegfarendur.



STÍGAR OG SKIPULAG

Leiðarljós skipulagsins er að byggja upp öruggt, skilvirkt og aðlaðandi stígakerfi sem gerir íbúum kleift að sinna daglegum erindum, vinnu og frístundum allt árið um kring. Þá skulu gangandi vegfarendur settir í forgang við skipulagsgerð. Þessar áherslur eru m.a. byggðar á markmiðum umhverfis- og samgöngustefnu Akureyrar og eru í samræmi við stefnumótun samgöngu-áætlunar, Landsskipulagsstefnu, svæðis- skipulags Eyjafjarðar og umferðarlaga.

Helsta leiðin til að fjölga gangandi vegfarendum og hjólréiðafólki í bænum er að þétting byggðar eigi sér stað og að landnotkunarreitum verði blandað saman í ríkari mæli en nú er gert. Með því móti verða vegalengdir innanbæjar styttri sem getur verið hvati fyrir fleiri til að nota stígakerfið fyrir styttri ferðir í fjölbreyttum erindagjörðum. Í skipulaginu er gert ráð fyrir stofnstíg sem liggur um helstu athafna-, verslunar- og þjónustusvæði bæjarins og þverar aldrei þjóðveg nr. 1. Við skipulag

og framkvæmdir á Glerárgötu þarf að huga sérstaklega að betri tengingum milli miðbæjar og Oddeyrar. Jafnframt er uppbygging á nýrri göngu- og hjólabrú yfir Glerá frá Skarðshlíð að Glerártorgi mikilvæg fyrir öryggi íbúa og tengingar milli hverfa og þjónustusvæða.

Umhverfis- og samgöngustefna

Í stefnunni segir að unnið skuli að því að auka hlutdeild hjólandi og gangandi vegfarenda. Rík áhersla skal lögð á að tengja saman og leggja göngu-, hjóla- og útivistarstíga. Þétting byggðar er einnig forsenda góðs aðgengis að almennings- vögnum og bættu umferðarflæði.

Í upphafi skipulagsferils fyrir einstök hverfi og reiti innan Akureyarbæjar þarf að huga vel að göngu-, hjóla-, og útivistarstígum. Það sama á við um uppbyggingu eldri hverfa og reita. Mæta þarf fjölbreyttum ferðaþörfum íbúa og gæta þess að samgöngu- og leiðakerfið nýtist sem best.

Skipulagsáætlanir

Taka þarf frá svæði fyrir framtíðaruppbyggingu stígakerfisins og halda auðu frá öðrum framkvæmdum. Óheimilt er að slíta leiðir stígakerfisins í sundur við gerð deiliskipulaga eða við breytingar á deiliskipulagi einstakra svæða. Það á einnig við um allar framkvæmdir vegna bygginga- og umferðarmannvirkja.

Heildarskipulag stígakerfisins tekur strax gildi á þeim stígum sem fyrir eru. Með tímanum byggist kerfið upp sem net sjálfstæðra göngu- og hjólaleiða sem tengist helstu stofnunum, skólum, verslunum og annarri þjónustu. Öll vinna við skipulag og framkvæmd stofnstíga, megin útivistar- og reiðstíga skal unnin í samræmi við stefnu aðalskipulags.



HEIMILDIR

Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030.

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030.

Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024.

Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020.

Algild hönnun utandyra. Öryrkjabandalag Íslands. Mars 2017.

Gönguþveranir. Vegagerðin og Reykjavíkurborg. Desember 2014.

Hjólaborgin Reykjavík. Reykjavíkurborg. 2010.

Hjólakraðbraut á Höfuðborgarsvæðinu. Verkís 2017.

Hólasandslína 3,220 KV raflína frá Akureyri að Hólasandi, Landsnet. Frummatsskýrsla, Efla. Október 2018.

Hönnunarleiðbeiningar fyrir hjólreiðar. Leiðbeiningar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins. Desember 2019.

Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Ljósvisstarskipulag Akureyrar, leiðbeiningarrit um kröfur til götu- og stígalýsingar á Akureyri, Verkís og Akureyrarbær. Apríl 2017.

Mannlíf milli húsa. Jan Gehl. Úrbanistan. 2018.

Rammahluti Aðalskipulags Akureyrar 2018-2030. Oddeyri. Akureyrarbær. Febrúar 2018.

Reiðvegir, gerð og uppbygging. Vegagerðin og Landsamband hestamannafélaga. Janúar 2006.

Reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995.

Samgönguáætlun 2020-2034.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024.

Umferðarlög nr. 77/2019.

Umhverfis- og samgöngustefna Akureyrarbæjar.

Þjóðvegir í þéttbýli, leiðbeiningar 2010. Vegagerðin, Mannvit og Verkís.

Öryggi og umferð hjólreiðamanna um gatnamót. Rannsóknarsjóður Vegagerðarinnar. Janúar 2015.

STÍGAKERFI AKUREYRAR

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI AKUREYRAR 2018-2030

Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32
600 Akureyri
tsnl.is

Landmótun
Hamraborg 12
200 Kópavogi
landmotun.is